



**MA ritgerð**  
**til meistaragráðu**  
**í þýðingafraeði**

**Nornaseiður íslenskaður:**  
*Nornirnar*  
**þýðing á *The Witches* eftir Roald Dahl**  
**Greinargerð**

Sólveig Sif Hreiðarsdóttir

**Leiðbeinandi Gauti Kristmannsson**

**Október 2018**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HUGVÍSINDASVIÐ**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Þýðingafraeði**

**Ritgerð til M.A.-prófs**

**Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**

**Kt.: 241264-3789**

**Leiðbeinandi: Gauti Kristmannsson**

**Október 2018**

## Útdráttur

Lokaverkefni þetta til meistaragráðu í þýðingafræði við Háskóla Íslands er tvíþætt, annars vegar þýðing á barnabókinni *The Witches*, eða *Nornirnar*, eftir Roald Dahl og hins vegar greinargerð, sem fjallar um þýðinguna og aðferðafræði skoposkenningarinnar. Markmiðið með þýðingunni er að reiða fram vandaða þýðingu sem fellur inn í íslenska menningu. Þýðingarstefna verksins hefur að leiðarljósi aðferðafræði skoposkenningar Hans J. Vermeers og Katharinu Reiss. Leitast er við að skoða þann jarðveg sem skoposkenningin spratt úr, bæði með tilliti til sögu þýðinga og upphafi þýðingafræði sem sjálfstæðrar fræðigreinar. Stiklað er á stóru um sögu þýðinga í aldanna rás, allt frá megingoðsögninni um Babelsturninn. Þá eru tilgreindir þeir einstaklingar sem helst komu við sögu og vörðuðu leiðina framan af. Upphaf þýðingafræði, sem sjálfstæðrar vísindagreinar, má staðsetja í byrjun sjöunda áratugar síðustu aldar. Skoposkenningin olli viðhorfsbreytingu gagnvart þýðingum. Skoposkenningin kynnti ennfremur til sögunnar eigin hugtök og heiti ásamt sex grundvallarreglum. Eins og aðrar fræðilegar kenningar hefur skoposkenningin fengið fræðilega umfjöllun og gagnrýni og ekki voru allir á eitt sáttir um ágæti hennar í byrjun. Þrátt fyrir það eru fræðimenn nú almennt sammála um að skoposkenningin hafi verið mikilvægt framlag til fræðanna og hafi leitt til framþróunar greinarinnar. Einnig verður rætt hvernig skoposkenningin var notuð sem aðferðafræði við þýðinguna. Greinargerðin fjallar að því loknu um verkið *The Witches* á bókmenntafræðilegum forsendum, auk þess sem fjallað er um þau úrlausnarefni sem upp komu við þýðinguna.

Lykilorð: *The Witches*, Roald Dahl, *Nornirnar*, Hans J. Vermeer, Katharina Reiss, skoposkenningin, hugtök, skilyrði, grunnreglur, þýðingafræði, þýðingasaga.

## Abstract

This thesis towards a master's degree in translation studies at the University of Iceland is a translation of *The Witches*, titled *Nornirnar*, by Roald Dahl, with an accompanying report, which discusses the translation and the methodology of the Skopos theory. The aim of the translation is to produce a quality translation that adheres to Icelandic culture. Therefore, to ensure the translation strategy, functional theories in translation studies, and the German School, are considered to be most applicable, in particular Skopos theory by Hans J. Vermeer and Katharina Reiss. An effort is made to analyze where the roots of the Skopos theory lie, both by looking at the history of translation and how translation studies became a field independent science. The report starts with a short overview of the history of translation throughout the ages, beginning with the original myth of the Tower of Babel. Furthermore, there is a discussion of the role of some the major influential persons in the history of translation, the ones who paved the way for translation studies. Translation studies became an independent field of science in the 1960's, with the Skopos theory first introduced about a decade later. The Skopos theory proved to be a paradigm shift. The Skopos theory also introduced new concepts and terms, as well as its six fundamental principles. According to tradition, the Skopos theory received academic criticism and discussion. Nevertheless, there now seems to be a consensus that the theory was an important contribution that led to further development of translations studies. A discussion follows on how the Skopos theory, as a methodology, was used when translating *The Witches*. The report concludes with a literary analysis of *The Witches*, as well as a discussion of the problems encountered during the translation.

Key words: *The Witches*, Roald Dahl, *Nornirnar*, Hans J. Vermeer, Katharina Reiss, Skopos theory: concepts, terms, fundamental rules of Skopos theory, translation studies, translation history.

## Formáli

Verkefni þetta er 60 eininga lokaverkefni til meistaraþráðu í þýðingafræði á Hugvísindasviði við Háskóla Íslands. Verkefnið er annars vegar þýðing á barnabókinni *The Witches*, eða *Nornirnar*, eftir Roald Dahl, og hins vegar greinargerð, sem fjallar meðal annars um aðferðafræði skoposkenningar Hans J. Vermeers og Katharinu Reiss. Leiðbeinandi minn var dr. Gauti Kristmannsson. Gauta þakka ég góða leiðsögn meðan á verkefninu stóð. Fjölskyldu minni þakka ég þolinmæði og stuðning. Katharinu Reiss tileinka ég þýðingu mína á *The Witches*, en hún lést fyrir á þessu ári.

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| <i>Útdráttur</i> .....  | 1  |
| <i>Abstract</i> .....   | 2  |
| <i>Formáli</i> .....  | 3  |
| <i>Inngangur</i> .....  | 5  |
| <b>1</b> <i>Nokkur atriði úr sögu þýðinga</i> .....                           | 7  |
| <b>2</b> <i>Þýðingafræði verður sjálfstæð fræðigrein</i> .....                | 12 |
| 2.1 <i>Nokkrir brautryðjendur</i> .....                                       | 13 |
| <b>3</b> <i>Skoposkenningin</i> .....   | 18 |
| 3.1 <i>Grunnur skoposkenningarinnar</i> .....                                 | 18 |
| 3.2 <i>Menningarleg tilfærsla</i> .....                                       | 20 |
| 3.3 <i>Hugtök skoposkenningarinnar</i> .....                                  | 24 |
| 3.4 <i>Skoposkenningin og grundvallarreglurnar sex</i> .....                  | 27 |
| 3.5 <i>Þýðingarátætlun <i>The Witches</i> byggð á skoposkenningunni</i> ..... | 30 |
| 3.6 <i>Fræðileg gagnrýni á skoposkenninguna</i> .....                         | 31 |
| <b>4</b> <i>Um þýðinguna</i> .....  | 35 |
| 4.1 <i>The Witches</i> .....  | 36 |
| 4.2 <i>Höfundareinkenni</i> .....   | 38 |
| 4.3 <i>Stílbrögð</i> .....  | 42 |
| <b>5</b> <i>Niðurlag</i> .....  | 46 |
| <i>Heimildaskrá</i> .....   | 48 |

## Inngangur

*The Witches* eftir Roald Dahl kom fyrst út í Englandi árið 1983. Verkið heyrir til klassískra barnabókmenntaverka og líta má á það sem hluta af heimsbókmenntum í flokki barnabóka í hinum vestræna heimi. Verk Roalds Dahls, ætluð ungum lesendum, hafa lengi verið í miklum metum víða um heim og þýdd á ófá tungumál. Sigurlaug Bjarnadóttir þýddi *The Witches* eða *Nornirnar* fyrir rúmum þrjátíu árum (1987), en bókin er löngu ófáanleg. *The Witches* er um 200 blaðsíður, myndskreytt af Quentin Blake, og er útgefandi Puffin Books í Englandi.

Bækur Roalds Dahls fyrir unga lesendur eru sérstakar fyrir margra hluta sakir. Má þar nefna sérstakan innri málheim sem kemur fyrir í mörgum verka hans, en Dahl er þekktur fyrir nýyrðasmíð, en afurðina nefndi hann *Gobblefunk*. Þýðing textans kallar því á nýyrðasmíði í anda *Gobblefunks*. Annað höfundareinkenni er bundið mál í próssaverkum, einnig hrynjandi í formi stuðla og endurtekningar í prósanum. Það er þó ef til vill húmorinn, en ekki síður hlýleikinn og írónían sem hvað vandmeðfarnastur er við þýðingar á verkum Dahls, að gæta þess eftir fremsta megni að ná þessum hárfína tóni og koma honum til skila til lesenda. Annað atriði sem er einkennandi fyrir Dahl er að hann skrifar um barnið í hlutverki þess sem undirsett. Aðalpersónan á í höggi við andstæðing sinn, sem gjarnan er fullorðinn einstaklingur, ekki velviljaður, en barnið hefur betur í lokin með því að beita greind sinni og hyggjuviti. Samtöl eru ráðandi í texta Dahls og beitir höfundur þar liprum stílbrögðum sínum óspart.

Greinargerðin hefst á því að stiklað er á stóru í sögu þýðinga, allt frá elstu megingoðsögnum um tilurð fjölda tungumála fram til þess tíma er þýðingafræðin varð að sjálfstæðri fræðigrein. Saga þýðinga er löng og mikil en hér er hvorki pláss né ástæða til að tíunda hana til hlítar. Ég reyni hins vegar að tína til þau atriði sem hafa öðrum fremur stuðlað að því gera þýðingar að sjálfstæðri grein innan hugvísindanna. Má þar nefna þróun á greiningu og túlkun þýðinga, ásamt gildi þýðinga í kanónunni og heimsbókmenntum. Einnig er gagnlegt að fjalla um það helsta varðandi þýðingar og þýðingarverk sem mörkuðu hvað skýrust þáttaskil í sögunni. Í því skyni er farið yfir helstu þætti, og þá sérstaklega þá sem hófu þýðingafræði upp úr gömlu fari og mótuðu sem fræðigrein, sjálfstæða og aðgreinda frá öðrum skyldum greinum eins og

málvísindum og samanburðarbókmenntum, ásamt tungumálanámi. Í samanburði við margar aðrar fræðigreinar er þýðingafræðin ung fræðigrein, en gjarnan er upphafið miðað við sjöunda áratug síðustu aldar, og voru það þá kenningar Eugene Nida um jafngildi sem slógu nýjan og eftirtektarverðan tón.

Við þýðinguna á *The Witches* styðst ég við *Skopostheorie* eða skoposkenninguna, en það var þýski fræðimaðurinn Hans J. Vermeer, ásamt kollegu sinni Katharinu Reiss, sem setti hana fram árið 1984. Samkvæmt skoposkenningunni helgast þýðing af tilganginum, en hún er jafnframt afurð margra samverkandi þátta eins og til að mynda viðtökumenningar og menningarbakgrunns viðtakanda. Á nýstárlegan hátt hugtakagreindi kenningin alla þá aðila, sem mögulega koma að þýðingunni, svo sem þýðanda, útgefanda og hvatamann. Helsta breytingin með skoposkenningunni var að horfið var frá því að einblína á tvíhyggju fyrri tíma, er einkennt hafði umræðu og kenningar um þýðingar, og sjónum beint að þýðingum sem menningartilfærslu. Skoposkenningin veitir þýðandanum frelsi til að taka til greina fleiri þætti, sem víkja að þýðingum, en áður hafði þekkt. Segja má að með skoposkenningunni hafi markttextinn öðlast sjálfstæði; með kenningunni var frumtextanum velt úr hásæti sínu og þýðandinn skilgreindur sem höfundur markttextans.

Pegar skoposkenningin var fyrst sett fram olli hún töluverðu umróti meðal fræðimanna, en í tímans rás hefur komið í ljós að fyrst og fremst olli kenningin vatnaskilum í vísindum þýðinga. Skoposkenningin er hins vegar ekki fullkomin, frekar en aðrar fræðikenningar, og verður hér farið yfir nokkur atriði í þeirri fræðilegu gagnrýni sem fram hefur komið. Þá er fjallað um á hvern hátt skoposkenningunni var beitt sem verkfæri við gerð þýðingaráætlunar *The Witches*. Að lokum er umfjöllun um þýðinguna, vandamál og lausnir og stutt bókmenntafræðileg samantekt um verkið.



# 1 Nokkur atriði úr sögu þýðinga

Í *Gamla testamentinu*, fyrstu Mósebók, 11. kafla, er að finna megingoðsögnina um Babelsturninn og hvernig mannkynið, sem talaði sama tungumálið, vildi þsa sér minnismarki til himins sem sameiningartákn. Þetta þóknaðist Drottni ekki þar sem hann taldi að ef þetta verkefni tækist vel gæti mannkynið ofmetnast. Til að forðast þennan mátt, sem kom fram í sameiningunni, á Drottinn að hafa brotið turninn niður með þeim afleiðingum að mannkynið tvístraðist um jörðina. Samkvæmt goðsögninn varð afleiðing þessa meðal annars sú, að upp spratt fjöldi ólíkra tungumála.<sup>1</sup> Með þessari megingoðsögn er útskýrð tilvist þess fjölda tungumála sem töluð eru í heiminum. Um leið mætti segja að það hafi verið þarna sem þörf fyrir þýðingar kom fram. Engu síður virðist uppruni og saga fjölda tungumála óljós. Af þeim texta sem varðveist hefur er hægt að rekja sögu þýðinga á Vesturlöndum til Alexandríu, þegar *Gamla testamentið* var þýtt úr hebresku yfir í grísku, hin svokallaða *Septuaginta* eða *Sjötíumannaþýðingin*. Hér er önnur megingoðsögn á ferðinni, en sagan segir að 70 (eða 72) þýðendur hafi fengið það verkefni að þýða textann, í algærrri einangrun hver frá öðrum og á nákvæmlega sama tíma, þannig að þeir gætu ekki borið saman bækur sínar. Niðurstaðan var engu að síður sú að allar þýðingarnar voru fullkomlega samhljóða. Var þetta útskýrt þannig að heilagur andi hafi komið yfir þýðendurna. Þannig var í raun ekki um þýðingu að ræða heldur frumtexta, þar sem þýðingin kom frá höfundinum sjálfum, en þýðing helgra texta hefur alltaf verið viðkvæm, þar sem orðið er heilagt. Báðar þessar goðsagnir, sagan um Babelsturninn og Septuagintan, sýna á táknrænan hátt það vald og þá möguleika sem tungumálið og frumtexti búa yfir. Jafnframt að það er ekki hættulaust svæði. Möguleiki er því um leið ómöguleiki og heilagur frumtextinn óþýðanlegur af dauðlegum mönnum. Frumtextinn trónaði sem ókrýndur konungur lengi framan af.<sup>2</sup>

Séu þessar tvær megingoðsagnir settar til hliðar og sjónum beint að umfjöllun og skrifum um þýðingar, þar sem mismunandi aðferðir, gagnrýni og leiðbeiningar eru

---

<sup>1</sup> Sjá umfjöllun Ástráðs Eysteinsonar á goðsögninni um Babelsturninn í verki hans *Tvímæli*, bls. 31-32.

<sup>2</sup> Hér verður einungis fjallað um þýðingar á Vesturlöndum og sögu þýðingafræðinnar þar.

ræddar, er hægt að fara til fyrstu aldar fyrir Krist og skoða skrif Cícerós (106-43 f.Kr.). Cíceró fjallaði meðal annars um að þýða annað hvort orð fyrir orð og enda með klunnalegar þýðingar, eða breyta orðaröð eða orðalagi og standa sjálfa sig að því að svíkja hlutverk þýðandans.<sup>3</sup> Þar kom fram þessi tvíhyggja sem byggist á að tala um þýðingar sem „bókstaflegar“ eða „frjálsar“ og hélst þessi umræða langt fram eftir öldum, eða fram til þess tíma að farið var að fjalla um þýðingar á forsendum málvísinda á 20. öld.

Trúarlegur texti hefur alltaf verið fyrirferðarmikill í umræðu um þýðingar. Frumtexti Biblíunnar var viðkvæmur í meðförum og rétt eins og sjötíumannaþýðingin var í raun þýðing Drottins eða nokkurs konar kraftaverk, leyfðu kirkjunnar menn ekki þýðingu á heilagri ritningu fram eftir öldum. Á fjórðu öld þýddi Híerónímus Biblíuna úr grísku yfir á latínu og varð sá texti Biblíutexti kaþólsku kirkjunnar (seinna þekkt sem *Vulgata*). Híerónímus skrifaði um þessa þýðingu og áttu þau skrif eftir að hafa mikil og varanleg áhrif.<sup>4</sup> Tilkoma prentlistarinnar festi ritmál í sessi með kerfisbundinni réttitun og þannig urðu textar staðlaðir og um leið aðgengilegri almenningi.

Biblíuþýðing Marteins Lúther (1483-1546) yfir á móðurmálið var táknað fyrir hugrekki hans og í kjölfarið kom trúarbylting sem leiddi til siðaskipta. Þýðingin er algjört tímamótaverk sem auk þess að leiða til nýs samfélagssáttmála, stuðlaði að því að festa ritmál nútíma háþýsku í sessi.<sup>5</sup> Tilkoma prentlistarinnar festi ritmál í sessi með kerfisbundinni réttitun og þannig urðu textar staðlaðir og um leið aðgengilegri almenningi. Með hugrekki að vopni má segja að Martein Lúther hafi bæði brotið niður þá múra sem kirkjunnar menn höfðu byggt og staðið vörð um í árþúsund, með því að hafna þýðingum á heilagri ritningu yfir á móðurmálið. Jafnframt hafi hann með þýðingu sinni velt frumtextanum úr sessi sem alltumlykjandi einráði, með því að horfa fremur til viðtakandans eða alþýðu manna í Þýskalandi í fyrstu, með frekari útbreiðslu um allan heim seinna meir.

Með rómantísku stefnunni í þýsku ríkjunum upp úr aldmótunum 1800 blésu ferskir vindar. Þá kom fram ríkur áhugi á bókmenntum og þýðingum á bókmenntaverkum.

---

<sup>3</sup> Cíceró, *De optimo genere oratorum*: „If I render word for word, the result will sound uncouth, and if compelled by necessity I alter anything in the order or wording, I shall seem to have departed from the function of a translator.“ Ritað árið 46 f.Kr.

<sup>4</sup> Munday, *Introducing Translation Studies*, 13.

<sup>5</sup> Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 52.

Meðal annars litu vandaðar þýðingar á þýsku á verkum eftir Shakespeare dagsins ljós og eins beindist áhuginn að endurvakningu á forngrískri klassík. Samhliða þessu voru mörg helstu verk þýskra bókmennta rituð.<sup>6</sup> Johann Wolfgang von Goethe (1749-1832) var einn mikilvægasti rithöfundur og hugsuður síns tíma. Heimsmynd Goethes varðandi bókmenntir rúmaði á sama tíma það sem er sértækt og þjóðlegt (e. *nationhood*) og það sem er algilt og sammannlegt (e. *universality*).<sup>7</sup> Þannig eru heimsbókmenntir án þjóðarbókmennta nánast óhugsandi, hvar sem er. Þýðingar fengu því nýtt vægi á rómantíska tímabilinu, þar sem áherslan var sett á að opna á milli bókmenntakerfa og sameina kanónur í heimsbókmenntum, ekki einungis frá hinum vestræna heimi, heldur einnig frá Austurlöndum.<sup>8</sup> Rómantíska stefnan lagði áherslu á að kynna því sem var framandi, en halda því ekki frá lesendum. Goethe festi hugtakið *heimsbókmenntir* í sessi. Það var þó ekki alveg nýtt af nálinni, en hafði ekki hlotið þann hljómgrunn sem þurfti. Frægt er að Goethe nefndi þetta hugtak í samtali við vin sinn Johann P. Eckermann (1792-1854) árið 1827.<sup>9</sup> Þar beinir hann orðum sínum ekki einungis til samlanda sinna heldur og annarra:

But, really, we Germans are very likely to fall too easily into this pedantic conceit, when we do not look beyond the narrow circle that surrounds us. I therefore like to look about in foreign nations, and advise everyone to do the same. National literature is now rather an unmeaning term; the epoch of world literature is at hand, and everyone must strive to hasten its approach. But, while we thus value what is foreign, we must not bind ourselves Chinese, or the Serbian, or Calderón, or the *Nibelungen*; but if we really want a pattern, we must always return to the ancient Greeks, in whose works the beauty of mankind is constantly represented. All the rest we must look at only historically; appropriating to ourselves what is good, so far as it goes.<sup>10</sup>

Tími heimsbókmenntanna var runninn upp og mikið lá við. Án þjóðarbókmennta eru engar heimsbókmenntir. Þessi kenning Goethes um þjóðabókmenntir og nauðsyn þýðinga í því tilliti hefur staðist tímans tönn. Í verki sínu *On Literary Diplomacy* bendir Gauti Kristmannsson á að tilkoma prentverksins og í kjölfar þess aðgangur að þýðingum á ýmsum kanónum á önnur tungumál, hafi haft mikil og varanleg áhrif á

<sup>6</sup> Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 75.

<sup>7</sup> Weissbort og Ástráður Eysteinnsson, *Translation Theory and Practice*, 198.

<sup>8</sup> Weissbort og Ástráður Eysteinnsson, *Translation Theory and Practice*, 198.

<sup>9</sup> Sjá umfjöllun Gauta Kristmannssonar á hugtakinu „heimsbókmenntir“ á vef Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands: <http://hugvis.hi.is/sites/hugvis.hi.is/files/Heimsbokm%20og%20b%20ydingar%202012.pdf>.

<sup>10</sup> Eckermann, í *Translation, Theory and Practice*, 205.

viðkomandi tungumál og menningu. Með þessari menningartilfærslu var bókmenntalegri menningu dreift og um leið var hún varðveitt.

The moment native languages became the ideological carriers in works of, for example, Dante, Luther and Descartes (names too well known to be dropped in both senses of the word), they slowly but surely started displacing the dead languages they were referring to. It is in that combination of referral and displacement that translation plays a decisive role in the construction of national literature, one of the main pillars of any culture aspiring to become one of the collective national subjects in the world – with a name and a family, with a history and genealogy, with its own flag and a poetic tradition strong enough to compete in the Olympic arena of world literature.<sup>11</sup>

Án þýðinga væru bókmenntakerfin lokuð, engar skírskotanir eða tilfærslur ættu sér stað, en með þýðingum ásamt prentverkinu opnuðust gáttir heimsbókmennta og um leið þjóðarbókmenntanna.

Samtíðamaður Goethes, þýski menningarfrömuðurinn Friedrich Schleiermacher (1768-1834) var á svipuðum slóðum með rómantísku skilgreininguna á þýðingum. Schleiermacher er talinn vera faðir túlkunarfræði (e. *hermeneutics*) en kenningar hans um túlkun tengja saman guðfræði og hugvísindi. Schleiermacher er einnig talinn vera faðir þýðingafræði, en fyrirlestur hans um þýðingar „Über die verschiedenen Methoden des Übersetzens“, eða „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir“ er grundvallarrit í þýðingafræði.<sup>12</sup> Fyrirlesturinn flutti hann fyrir Konunglegu vísindaakademíuna í Berlín árið 1813. Þessi fyrirlestur átti eftir að hafa mótandi áhrif á viðhorf til þýðinga. Í honum leggur Schleiermacher áherslu á að þýðandi hafi um tvennt að velja: að færa lesandann til höfundar, eða textann til viðtakandans. Einnig kom Schleiermacher fyrstur fram með hugmyndina um að skipta þýðingum í tvo flokka, annars vegar túlkun (þ. *Dolmetschen*) sem á ekki einungis við um túlkun heldur einnig hvers kyns nytjatexta, og hins vegar fagurfræðilegan texta og texta ætlaðan til kennslu (þ. *Übersetzen*), sérstaklega ef um er að ræða texta sem færir viðtökumálinu einhverja viðbót. Um mikilvægi þýðinga verður seint efast, en Schleiermacher talaði um að tungumálið magnaðist að þrótti þegar erlendar bókmenntir sameinast þeim sem fyrir eru með þýðingum:

<sup>11</sup> Gauti Kristmannsson, *On Literary Diplomacy I*, 17.

<sup>12</sup> Martin Ringmar þýddi fyrirlestur Schleiermachers, „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir“ og er þýðinguna að finna í tímaritinu *Jón á Bægisá* 14/2010.

Rétt eins og jarðvegur vor hefir bætt og orðið frjósamari vegna margvíslegra erlendra jurta sem hér hafa verið gróðursettar (og gjört loftslagið viðkunnanlegra og mildara), þá finnst oss einnig að tunga vor – af því að vér sakir norræns sljóleika hreyfum hana lítt af sjálfsdáðum – geti aðeins dafnað og náð fullum þroska í nánum og margföldum tengslum við hið framandi. Og það virðist fara saman, að vegna virðingar sinnar fyrir hinu framandi og vegna miðlandi eðlis síns, sé þjóð vorri ætlað að sameina allar gersemar erlendra vísinda og lista í stóra sögulega heild sem verði varðveitt á þýzkri tungu í miðbiki Evrópu, þannig að hver og einn megi njóta (eins fullkomlega og hreint sem einungis framandi manni er kleift) með aðstoð tungu vorrar, alls hins fegursta sem tímanna rás hefir framleiðzt.<sup>13</sup>

Langt fram eftir 20. öld varð bið á því að þýðingafræði hlyti stöðu fræðigreinar, en það má ef til vill rekja meðal annars til þess að þýðingar voru mikið notaðar sem kennslutæki í tungumálanámi, þar sem málfræði var kennd með þýðingum. Þessi aðferð við tungumálanám endurspeglar aðallega málfræði en ekki eðlilegt mál, en þetta var gert í því skyni að æfa nemandann. Þegar hlutum var þannig háttað, var ekki grundvöllur til að þróa þýðingafræði sem fræðigrein.

---

<sup>13</sup> Schleiermacher, „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir“, Jón á Bægisá 14/2010, 28-29. Sjá einnig Schleiermacher „On the Different Methods of Translating“ í þýðingu André Lefevere í *Translation Theory and Practice*, 209.

## 2 Þýðingafræði verður sjálfstæð fræðigrein

Sem sjálfstæð og skipulögð vísindi er þýðingafræði frekar ung grein innan veggja hugvísindanna. Sem námsgrein höfðu þýðingar lengi verið hluti af tungumálanámi, eins og áður sagði, en einnig kennslu í samanburðarbókmenntafræði (e. *comparative literature*) og samanburðarmálfræði (e. *contrastive linguistics*). Það var ekki fyrr en upp úr miðri síðustu öld að draga tók til tíðinda.

Á síðari hluta 20. aldar áttu sér stað miklar breytingar í Evrópu, meðal annars vegna aukinnar samvinnu ríkja í álfunni. Þá voru til að mynda alþjóðleg samtök þýðenda stofnuð árið 1953 og fengu nafnið F.I.T. eða *Fédération Internationale du Traducteurs*, einnig nefnt á ensku *International Federation of Translators*.<sup>14</sup> Aukin samvinna þjóða í Evrópu og aukið framboð upplýsinga kallaði á þýðingar. Einna helst má rekja orsakir meira framboðs ýmiss konar texta til þessa nýja pólitíska landslags í Evrópu, en fljótlega í kjölfar loka síðari heimsstyrjaldarinnar tóku ríki Evrópu að bindast bandalagi á efnahagslegum og pólitískum forsendum í þeim tilgangi að varðveita frið og stöðugleika í álfunni. Upphafið var Kola- og stálsambandið, stofnríki voru Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg og Vestur-Þýskaland, hvert land með eigið tungumál, eða fleiri en eitt.<sup>15</sup> Þessi samvinna kallaði á auknar þýðingar og stuðlaði að auknum áhuga á þýðingum og fræðunum í kringum þær. Fræðimaðurinn Christina Schäffner talar um áherslubreytingar í þýðingum á þessum tíma og þá kröfu að ákveðnar gerðir texta (e. *genre*) yrðu fyrst og fremst að miðast við viðtakendur og að sú krafa væri gerð að þeir væru skiljanlegir í viðtökumenningunni. Helstu ástæður fyrir því að áhersla á frumtexta minnkaði og að farið var að horfa til viðtökumenningar, segir Schäffner að hafi verið aukið framboð af ýmiss konar upplýsingartexta sem þurfti að koma til skila í markmáli. Þessi texti féll ekki undir fagurfræðilegan texta, heldur var um ýmiss konar vísinda- og fræðilegan texta að ræða, texta tengdan viðskiptum og lögum, ásamt ýmsum öðrum texta ætluðan almenningi. Þar skipti miklu máli að aðlaga textann

---

<sup>14</sup> FIT. <http://www.fit-ift.org>.

<sup>15</sup> Aðildarríki Evrópusambandsins eru 28 og þar eru töluð 24 opinber tungumál. Í reglum sambandsins er sérstaklega vikið að ólíkum tungumálum sem töluð eru innan þess og menningarlegum fjölbreytileika, sem ber að styðja og styrkja, meðal annars með þýðingum.

að viðtökumálinu og miða við menningarbakgrunn viðtakenda.<sup>16</sup> Eðli málsins samkvæmt var nú sjónum í auknum mæli beint að hlutverki þýðingarinnar í markmáli og markmenningu viðtökumáls þar sem upplýsingarnar þurftu að vera skiljanlegar og marktæmiðaðar, út frá þörfum, menningu og aðstöðu viðtakenda. Þarna gefur ef til vill að líta ákveðinn upptakt að skoposkenningunni, en ein af grundvallarreglum hennar er skilgreining á frumtexta sem upplýsingatíloft í marktæta (þ. *Informationsangebot*).<sup>17</sup> Þó svo að skoposkenningin nái yfir allar tegundir texta er ekki fjarri lagi að draga þá ályktun að upp úr þessum jarðvegi hafi skoposkenningin sprottið.<sup>18</sup>

## 2.1 Nokkrir brautryðjendur

Tímamótaverk málfræðinganna Jean-Paul Vinay (1910-1999) og Jean Darbelnet (1904-1990) nefnist *Stylistique comparée du français et de l'anglais* (1958).<sup>19</sup> Það átti eftir að marka kaflaskil í sögu þýðinga, þar sem þeir nálgast þýðingar sem fræðigreinin, en ekki sem listgrein eða afurð meðfæddra hæfileika. Í verkinu er samanburðarstílfraeði á frönsku og ensku og eru þar kynnt til sögunnar lykilhugtök þýðingarfræðinnar sem ganga út frá jafngildi og áttu þau eftir að festa sig í sessi.

Rússneski málvísindafrömuðurinn Roman Jakobson (1896-1982) var einn áhrifamesti málfræðingur á síðustu öld. Ritgerð hans *On Linguistic Aspects of Translation* (1959), markaði spor í sandinn þar sem hann er með fyrstu málfræðingum til að fjalla um þýðingar á grundvelli málvísinda. Um þýðingu á skáldskap og ljóðlist segir Roman Jakobson í ritgerð sinni „Um málvísindalegar hliðar þýðinga“:

Í skáldskap verða orðajöfnur byggingarregla textans. Setningafræðilegar og formfræðilegar flokkanir, rætur, forskeyti og viðskeyti, fónem og þættir þeirra (aðgreinandi einkenni) – í stuttu máli sagt, öllum liðum málkóðans er mætt, þeim er stillt upp hlið við hlið, gerðir samfelldir eftir reglunni um líkindi og andstæðu og þeir hafa eigin sjálfstæða merkingu.

<sup>16</sup> Schöffner, „Skopos theory,“ 235.

<sup>17</sup> Schöffner, „Skopos theory,“ 237.

<sup>18</sup> Sjá sögu Evrópusambandsins, [https://europa.eu/european-union/about-eu/history\\_en](https://europa.eu/european-union/about-eu/history_en).

<sup>19</sup> Darbelnet og Vinay, *Stylistique comparée du français et de l'anglais*, 59-78.

Fónemísk líkindi eru greind sem merkingarfræðilegt samband. Hljóðaleikurinn eða til að nota lærðara og kannski nákvæmara hugtak, orðaleikurinn ríkir yfir ljóðlist, og hvort sem regla þess er algild eða takmörkuð er ljóðlist samkvæmt skilgreiningu óþýðanleg. Aðeins skapandi tilfærsla er möguleg.<sup>20</sup>

Jakobson heldur áfram og talar um að þessi skapandi tilfærsla sé eitt af eftirfarandi: innanmálstilfærsla (e. *intra lingual translation*), millimálaatilfærsla (e. *interlingual translation*) eða millimerkingarfræðileg tilfærsla (e. *intersemiotic translation*).

Innanmálstilfærsla væri þá til að mynda *Egilssaga*, stytt og færð í annan búning sem hentar ungum lesendum. Millimálatilfærsla er menningartilfærsla milli tveggja tungumála og sú tegund sem hér fjallað um, en kvikmyndaaðlögun væri dæmi um millimerkingarfræðilega tilfærslu.

Bandaríski trúboðinn og Biblíuþýðandinn Eugene A. Nida (1914-2011) notaði hugtakið *jafngildi* (e. *equivalence*) í verki sínu *Towards a Science of Translating*.<sup>21</sup> Verkið kom út árið 1964 og hefur verið vísað til sem ákveðins upphafs þýðingafræða sem sjálfstæðrar vísindagreinar.<sup>22</sup> Nida notaði kenningar Noams Chomskys (1928) um málfræði sem meðfædda tungumálavitund og djúpbyggingu málfræðikerfa sem fræðilegan grunn að tímamótaverki sínu.<sup>23</sup> Nida hvarf frá þeirri að því er virðist eilífðarspurningu hvort þýðing væri fullkomlega samsvarandi við frumtextann og segði nákvæmlega það sama. Nida kynnti lykilhugtök um jafngildi, en kenningu sína byggði hann á boðskiptafræði (e. *Communcation Theory* eða *Communication Studies*).<sup>24</sup> Nida horfði til þess að hlutverk frumtextans væri annað hvort að þjóna viðtökumálinu og því málsamfélagi sem þar er, eða að þýðingin einblíndi á form og inntak boðanna sjálfra. Hugtökin um jafngildi eru því tvö samkvæmt Nida: *áhrifajafngildi* (e. *dynamic equivalence*) og *formlegt jafngildi* (e. *formal equivalence*). Með áhrifajafngildi væri hægt að ná jafnframt fram algjörlega náttúrulegu flæði (e. *fluency*) og heimfærslu (e. *domestication*) í menningarlegu samhengi.<sup>25</sup> Kenning Nida um jafngildi hafði mikil áhrif

---

<sup>20</sup> Jakobson, „Um málvísindalegar hliðar þýðinga,“ 120.

<sup>21</sup> Munday, *Introducing Translation Studies*, 15.

<sup>22</sup> Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, neðanmálsgr. 21, bls. 90.

<sup>23</sup> Munday, *Introducing Translation Studies*, 15.

<sup>24</sup> Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, 91.

<sup>25</sup> „„A translation of dynamic equivalence aims at complete naturalness of expression,“ states Nida, „and tries to relate the receptor to modes of behavior relevant within the context of his own culture.“ The phrase “naturalness of expression” signals the importance of a fluent strategy to this theory of translation, and in Nida’s work it is evident that fluency involves domestication.“ Sjá nánar umfjöllun Venutis um Nida í „Translation as Cultural Politics“, 553.



og gætir þeirra enn, en þó ekki að sama skapi og áður. Margir fræðimenn hafa orðið til að gagnrýni kenningar Nida um jafngildi, meðal þeirra Sergio Viaggio. Gagnrýni hans beinist að nálgun Nida og heldur Viaggio því fram að þrátt fyrir að nota kenningar Chomskys hafi Nida ekki skilið að það var ekki nóg að endurframleiða textann í marktextanum, heldur væri einnig mikilvægt að áhrif á viðtakandann væru sambærileg. Áhrif þessi eru byggð á skynjun viðtakandans og því þarf þýðandinn að ákveða hvernig best er að haga þýðingunni svo að áhrifin séu þau sömu og þegar frumtexti er lesinn. Þó veltur allt á viðtakandanum og því getur þýðing verið mismunandi eftir því hvað er viðeigandi hverju sinni.<sup>26</sup>

Óneitanlega voru jafngildiskenningar Nida stikla í framgangi fræðanna sem vísindagreinar. Framlag hans er talið afar merkilegt hvað varðaði þróun þýðingafræðinnar, þó svo að nú sé að mestu horfið frá því að horfa á jafngildi samkvæmt skilgreiningu Nida. Einu atriði er vert að veita athygli við verk hans, en í bókartitli *Towards a Science of Translating* er vísað til þýðinga sem vísinda og var það í fyrsta sinn sem það var gert á þann hátt. Í Þýskalandi var í kjölfarið farið að tala um *Übersetzungswissenschaft* eða þýðingavísindi. Engu að síður áttu fræðin enn eftir að fá formlegt heiti á ensku.<sup>27</sup> Það gerðist þegar verk James S. Holmes, *The Name and Nature of Translation Studies*, kom út árið 1988.<sup>28</sup> Fram að þeim tíma hafði heiti fræðigreinarinnar mjög verið á reiki og mismunandi milli landa, til að mynda var hún kölluð *translatology* á ensku, *Translatologie* á þýsku, *traductologie* á frönsku og *traductología* á spænsku.<sup>29</sup> Fræðimenn innan greinarinnar eru sammála um að með þessu hafi Holmes markað þessum fræðum nafn en þess ber að geta að verkið varð kennileiti fyrir framtíð þýðingafræðanna. Verk sitt byggði Holmes á erindi sem hann hafði flutt árið 1972. Í því setti Holmes fram skipulag og hugtakaramma sem varð grundvöllur þýðingafræðinnar. Hann lagði einnig áherslu á að þýðingafræði yrði gerð að sjálfstæðri fræðigreini með eigin aðferðafræði og hugtökum, þar sem fjölmörg fræðasvið hefðu snertiflöt við þýðingar, sem þýddi að mismunandi nálganir höfðu verið notaðar í umfjöllun um þær.

---

<sup>26</sup> Viaggio, *A General Theory of Interlingual Mediation*, 16.

<sup>27</sup> Munday, *Introducing Translation Studies*, 15.

<sup>28</sup> Holmes, *The Name and Nature of Translation Studies*.

<sup>29</sup> Munday, *Introducing Translation Studies*, 15.

Upp úr því að Holmes talaði fyrir þýðingafræði sem skipulagðri og sjálfstæðri fræðigrein í nútímaskilningi í upphafi áttunda áratugarins varð mikil gróska í fræðunum. Árið 1979 kom út verk eftir Svisslendinginn Werner Koller, sem hann kallaði *Einführung in die Übersetzungswissenschaft* (e. *Introduction to Translation Science*).<sup>30</sup> Koller hafði rannsakað jafngildi og gekk kenning hans út á flókið kerfi jafngildis í texta eða textabroti. Jafngildið þróaðist áfram í höndum Kollers.<sup>31</sup> Hann flokkaði texta í fimm gerðir:

1. Jafngildi merkingarkjarna (e. *denotative*)
2. Jafngildi aukamerkingar (e. *connotative*)
3. Hefðajafngildi (e. *text-normative*)
4. Aðstæðujafngildi (e. *pragmatic*)
5. Formfegurðarjafngildi (e. *formal*)<sup>32</sup>

Þýski málfræðingurinn, þýðandinn og einn frumkvöðla í fræðimennsku í þýðingafræðum, Katharina Reiss (1923-2018), vann að rannsóknum á jafngildi á svipuðum forsendum og Koller. Verk hennar *Möglichkeiten und Grenzen der Übersetzungskritik* hafði komið út átta árum áður en Koller kom fram með sitt verk, eða árið 1971.<sup>33</sup> Kjarni kenninga Reiss gengur út á formgerðarflokkun texta (e. *typology*). Texti eða textabrot geta verið af ólíkri textategund (þ. *Textsorte*, e. *genre*) og textagerðir (þ. *Text-typ*, e. *text-type*) kalla á ólíka nálgun við þýðingar. Textagerðir Reiss hafa þrenns konar hlutverk: að upplýsa, tjá og virkja, þar sem upplýsandi texti miðlar upplýsingum (e. *informative*), tjátexi miðlar formi (e. *expressive*) og virkjandi texti miðlar að því að hafa áhrif á lesandann (e. *operative*).<sup>34</sup> Þessar textagerðir eru flokkaðar eftir tilgangi textans. Þýðandinn þarf að átta sig á formgerð textans og hvert hlutverk hans er, áður en hann getur hafist handa við að þýða. Kenningar Reiss eru í senn aðferðafræði við þýðingar og þýðingarýni.

---

<sup>30</sup> Koller, *Einführung in die Übersetzungswissenschaft*.

<sup>31</sup> Pym, *Exploring Translational Theories*, 46.

<sup>32</sup> Hugtök Kollers og þýðingu þeirra er að finna í inngangi Gauta Kristmannssonar að *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*, 12. Gauti Kristmannsson þýddi hugtökin.

<sup>33</sup> Hér er stuðst við enska útgáfu á verki Katharina Reiss, *Translation Criticism: The Potential and Limitations: Categories and Criteria for Translation Quality Assessment*.

<sup>34</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 37.

Af kenningum Reiss, Kollers og Vermeers frá áttunda áratug síðustu aldar má sjá að þýðingafræðin þróast frá málvísindum og tungumálafræðum (e. *linguistic typologies*) yfir í fræðikenningar sem kenndar eru við hlutverkskenningar (þ. *Funktionaltheories*). Þar með er horfið frá tvíhyggju (e. *dichotomy*) Saussures um form og innihald, sem endurspeglast í kenningum Nida um formlegt jafngildi og áhrifajafngildi.<sup>35</sup> Með skoposkenningunni komu nýir straumar og megináhersla var nú lögð á tilgang og markmið þýðingar í markmálinu. Kastljósinu var nú beint að markmenningunni (e. *target-oriented*), marktöxtanum (e. *target text*) og viðtakandanum, en ekki lengur einblínt á frumtextann, eins og áður hafði tíðkast.

---

<sup>35</sup> Snell-Hornby, *Translation: Theory and Practice*, 443.

### 3 Skoposkenningin

Hans J. Vermeer (1930-2010) var einn þekktasti og áhrifamesti fræðimaður á sviði þýðingafræða á síðustu öld. Hann starfaði við háskólana í Mainz og Heidelberg. Vermeer birti fyrst skrif sín um kenninguna um hlutverk þýðinga og markmið eða hina svokölluðu *Skopostheorie* eða *skoposkenninguna* í tímaritinu *Lebende Sprachen* árið 1978.<sup>36,37</sup> Vermeer og Katharina Reiss sameinuðu krafta sína og lögðu fram skoposkenninguna og segja má að hún hafi markað nýtt upphaf í þýðingafræðum.<sup>38</sup> Kenningin náði yfir þýðingar og túlkun í víðtækum skilningi og allar textategundir féllu undir kenninguna (þ. *allgemeine Translationstheorie*). Rit sitt nefndu þau *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie* (Grundvöllur almennrar þýðingakenningar) og kom verk þeirra út árið 1984.<sup>39</sup> Skoposkenningunni er hægt beita sem bæði lýsandi nálgun (e. *descriptive*) og forskriftarlegri nálgun (e. *prescriptive*) á árangursríkan hátt, bæði hvað varðar þýðingar eða þýðingarýni á allar tegundir texta. Skoposkenningin er hagnýt og er einkar hentug til að tryggja fagmannlega unnar þýðingar.

#### 3.1 Grunnur skoposkenningarinnar

Skoposkenningin á rætur sínar að rekja til aðferðafræði athafnakenningarinnar (e. *action theory*), samskiptakenningarinnar (e. *communication theory*), textamálvísinda (e. *text linguistics*) og textakenningarinnar (e. *text theory*), en einnig má benda á

---

<sup>36</sup> Vermeer, „Ein Rahmen für eine allgemeine Translationstheorie,“ *Lebende Sprachen*, 23:3, 1978, 99-102.

<sup>37</sup> Að mínu mati liggur beinast við að nota hér orðið *skoposkenning* yfir *Skopostheorie*, orðið „skopos“ er jafnframandi í þýsku máli og íslensku, og um leið jafn áhrifaríkt og einstakt.

<sup>38</sup> Skoposkenningin er komin frá Vermeer eins og áður sagði (sjá neðanmálsgr. 31), en framlag Reiss í verki þeirra *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie* er óumdeilt og eru bæði skráð höfundar verksins. Í fyrri hluta bókarinnar fjallar Vermeer um grunnkenninguna eða skoposkenninguna, bls. 6-121, en hlutur Katharina Reiss er frá bls. 122-219, þar sem hún fjallar um sérstakar kenningar (þ. *spezielle Theorien*) varðandi textagerðir og því sem að þeim vikur í kenningum hennar. Hér er því ekki um eina heildræna kenningu að ræða þar sem kenningar Reiss eru byggðar á jafngildiskenningunni en Vermeer byggir skoposkenninguna á athafnakenningunni. Sjá nánar Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 12, 27.

<sup>39</sup> Gauti Kristmannsson, „Fræðimaður þýðinga,“ 125.

viðtökukenningar (e. *reception theories*) sem áttu miklu fylgi að fagna á þessum tíma. Skoposkenningin er einnig ein þeirra kenninga í þýðingafræði sem fram komu í Þýskalandi á áttunda og nýjunda áratug síðustu aldar sem falla undir kenningar hlutverkshyggju (e. *functional theories of translation*). Augljóst er að kenningin gengur út á að nálgast þýðingar á sem hlutlægastan hátt. Það sést meðal annars af því að helstu reglur kenningarinnar eru felldar inn í rökfræðilegar formúlur, eins og sjá með fyrstu reglu skoposkenningarinnar:

$$\text{Trl.} = f(\text{Sk})^{40}$$

þar sem þýðing er fall af skoposinum, eða tilgangi þýðingarinnar, hvort sem um texta eða textabrot er að ræða. Félagsfræðilega reglan (þ. *sociologische Regel*), sem er undirregla skoposreglunnar er með sömu rökum sett fram á eftirfarandi hátt:

$$\text{Sk} = f(\text{R})^{41}$$

þar sem skoposinn er einnig fall af breytu sem er viðtakandinn (þ. *Rezipient*). Forsenda þýðingar liggur í tilgangi hennar, hinum skilgreinda skopos. Þau Reiss og Vermeer umorðuðu skoposinn með því að segja: „*Die Dominante aller Translation ist deren Zweck*“ sem Gauti Kristmannsson þýddi sem: „Leiðarhnoða allra þýðinga er tilgangurinn“.<sup>42,43</sup> Þýsku orðin *Zweck* og *Funktion* eru samheiti orðsins *skopos*. Skoposinn er ávallt markttextamiðaður, þar sem markmenning, menningarlegur bakgrunnur viðtakenda og aðstæður eru þættir sem ákveða skoposinn. Þýðingarátætlun er því alltaf ákveðin út frá skopos hennar eða tilgangi (þ. *Zweck*) og er fall af honum.

Vermeer skilgreinir þýðingu sem athöfn í samræmi við kenninguna um athöfn og tilgang (e. *action theory*), þar sem sérhver athöfn mannsins hefur alltaf ákveðinn tilgang eða markmið og maðurinn er meðvitaður um þann tilgang eða markmið.

---

<sup>40</sup> Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 101. Trl = f(Sk). Hér: Trl. stendur fyrir Translation, f fyrir fall, sk fyrir skopos.

<sup>41</sup> Sk = f(R). Hér: Sk stendur fyrir skopos, f fyrir fall, R fyrir Rezipient eða viðtakanda. Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 101.

<sup>42</sup> Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie* 1984, 96.

<sup>43</sup> Gauti Kristmannsson, glósur.

Samkvæmt skoposkenningunni er þýðing aldrei án ákveðins meðvitaðs tilgangs, þannig að skopos þýðingarinnar er miðaður út frá skilgreindum tilgangi, hlutverki og markmiði marktíðans. Formbygging hlutverkskenningarinnar hvílir á kenningunni um athöfn og tilgang (e. *action theory*), þar er hugsunin að sérhver athöfn mannsins hafi alltaf ákveðinn meðvitaðan tilgang og markmið. Um athafnakenninguna (e. *action theory*) segir Christiane Nord:

Action is the process of acting, which means “intentionally (at will) bringing about or preventing a change in the world (in nature)”. Action can thus be defined as an intentional “change or transition from one state of affairs to another”.<sup>44</sup>

Athöfn er þarna skilgreind sem meðvituð gjörð, sem leiðir til breytinga (eða kemur í veg fyrir breytingar). Vermeer bætti við þessa skilgreininguna á hugtakinu athöfn í þýðingafraeðilegum skilningi á eftirfarandi hátt:

For an act of behaviour to be called an action the person performing it must (potentially) be able to explain *why* he acts as he does although he could have acted otherwise.<sup>45</sup>

Þessi athöfn eða verknaður, sem felst í því að þýða, þarf að hafa skilgreindan tilgang og markmið. Á aðferðafræði athafnakenningarinnar byggði Vermeer skoposkenningu sína og til grundvallar lagði hann skoposinn sem ráð þýðinga. Ætlunin þarf að vera skýr, skilgreind og tilgangurinn að vera meðvitaður. Þýðandinn þarf að geta réttlætt þann skopos sem hann velur tilteknu verki og skoposinn á að vera réttlæt看legur og merkingarbær.<sup>46</sup>

### 3.2 Menningarleg tilfærsla

Það sem var ekki síst nýstárlegt við kenningar Vermeers var það viðhorf, sem þar kom fram, að líta á þýðingar sem menningarlega tilfærslu (þ. *Kulturtransfer*) sem tekur mið

---

<sup>44</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 16.

<sup>45</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 19.

<sup>46</sup> Þau Reiss og Vermeer nota þýsku orðin „begründbar“ og „sinnvoll“ um tilgang þýðinga (þ. *Zweck*). Sjá *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 101.

af markmenningu og viðtökumáli. Kjarni skoposkenningarinnar gengur út frá því að þýðing sé menningartilfærsla, en ekki einungis línuleg tilfærsla á texta A yfir í texta B, heldur verður til nýr texti sem þýðandinn er höfundur að. Af þessu má sjá að viðmiðið er flutt frá frumtextanum yfir á markttextann, viðtökumenninguna, viðtakandann og þýðandann. Þessi hugmyndafræðilega breyting sem hafði átt sér stað fól í sér að sjónarhornið var fært frá frumtextanum og yfir til viðtakanda og því sem að honum lýtur og viðtökumenningar. Þessi skilgreining á þýðingu sem menningartilfærslu, býður að frumtexti skuli vera talinn tilboð um miðlun upplýsinga í markttexta (þ.

*Informationsangebot*). Þýðing er í eðli sínu upplýsingatilboð, samkvæmt þessu, en í raun er hún tvöfalt upplýsingatilboð:

A text can be defined as an information offer addressed to a receiver by a producer. The text ... produced by the translator, offer, in turn, information on the meaning and, in a certain way and under specific circumstances, also the form of the source text, and is, therefore, an information offer on an information offer.<sup>47</sup>

Þegar miðlun upplýsinga á sér stað, eins og þegar um þýðingar er að ræða, er um að ræða upplýsingamiðlun milli einstaklinga (e. *interpersonal interaction*) og því er hægt að segja að upplýsingamiðlun sé ákveðin tegund af athöfn.

Human interaction may be described as an intentional change of a state of affairs affecting two or more people or agents. An interaction is referred to as 'communicative' when it is carried out through signs produced intentionally by one agent, usually referred to as the 'sender', and directed toward another agent, referred to as the 'addressee' or the 'receiver'.<sup>48</sup>

Þar er þýðandinn eða hvatamaðurinn (e. *initiator*) í hlutverki sendanda og lesandi markttexta er viðtakandi.<sup>49</sup> Þýðing getur haft fleiri en einn skopos, það sem er kallað skopoi (skopoi ft. af skopos), en skopoi er þá í stigveldi.<sup>50</sup> Eins og áður var vikið að er

---

<sup>47</sup> Viaggio, *A General Theory of Interlingual Mediaton*, 17.

<sup>48</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 16.

<sup>49</sup> Ástráður Eysteinnsson hefur þýtt enska orðið *initiator* sem *hvatamaður*. Sjá *Tvímæli*, neðanmálsgrein nr. 3, bls. 104.

<sup>50</sup> Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 101. Þar kemur einnig fram eftirfarandi: „Es gibt eine Menge von Zwecken (M>1). Zwecke sind hierarchisch geordnet. Zwecke müssen begründbar („sinnvoll“) sein.“

skýr krafa að hægt sé að færa rök fyrir skoposnum. Skoposinn þarf líka að vera augljós viðtakendum, að öðrum kosti geta þeir ekki metið gæði þýðingarinnar.

Þessi nýja kenning fór þvert á hefðbundnar og ríkjandi kenningar um jafngildi, sem áttu uppruna sinn í samanburðarmálvísindum. Með skoposkenningunni er hamlandi tvíhyggju varpað fyrir róða og sagt skilið við hugtök um jafngildi í gömlum skilningi. Hugtakið „jafngildi“ fékk nýtt hlutverk, að því marki að líta svo á að jafngildi sé ávallt markmið þýðingar. Að flytja frumtexta yfir í marktenta með því að finna jafngildi hans var ekki lengur markmið þýðinga eins og hjá Nida, né heldur var spurt hvað höfundurinn ætlaðist til með texta sínum, heldur var aðaláherslan hlutverk marktentsans í viðtökumálinu væri, út frá hvatamanni (hvort sem það var útgefandi, þýðandi eða annar).

Jafngildi getur hins vegar verið markmið þýðingar í ákveðnum tilfellum, en það á ekki við um allar þýðingar, eins áður hafði verið viðmiðið.<sup>51</sup> Hins vegar kemur skoposkenningin fram með nýtt viðmið í þýðingum og túlkun en það er hugtakið viðhlítandi (þ. *adäquat*).<sup>52</sup> Með þessu nýja viðmiði breyttist orðræðan um gæði og mat á þýðingum. Trúnaður við frumtextann var einnig settur í nýtt samhengi og breyttist í trúnað við skoposinn. Þýðandinn hafði skyldur við skoposinn og viðtakendur, en frumtextinn var ekki lengur svo upphafinn að þýðandi gæti nánast aldrei gert honum skil svo vel væri. Skoposkenningin steypti þannig frumtextanum af hinum háa stalli sem hann hafði alla tíð verið á, því nú var sjónum beint að tilgangi, hlutverki og markmiði marktentsans. Þarna var um grundvallarbreytingu á viðmiði (e. *paradigm shift*) að ræða.

Skoposkenningin er fyrst og fremst marktentið, en skoposinn er ekki hægt að ákveða án þess meta fyrst viðtakendur marktentsans.<sup>53</sup> Til að mynda gætu væntingar eða þarfir viðtakanda skilgreint skoposinn. Þannig er hægt að meta gæði þýðingarinnar út frá því hversu vel er farið eftir skopos þýðingarinnar. Þó svo að tvær þýðingar séu ólíkar, er ekki endilega um það að ræða að önnur sé meiri að gæðum en hin, ef báðar eru þýddar samkvæmt þeim skopos sem þeim var gefinn. Afurð þessarar menningarlegu tilfærslu getur því aldrei verið sú sama og frumtextinn, heldur skapast ávallt eitthvað nýtt. Með tilkomu skoposkenningarinnar er ráður þýðingar ekki lengur

---

<sup>51</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 36.

<sup>52</sup> Gauti Kristmannsson, „Fræðimaður þýðinga,“ 125.

<sup>53</sup> Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 91



frumtextinn eins og áður, heldur helgast hann af hlutverki hennar í markmenningu. Þýðandinn eða hvatamaður er ekki bundinn lengur af frumtextanum, heldur er hlutverk markttextans háð skoposnum og því samhengi sem hann er þýddur inn í. Engar tvær þýðingar á sama texta eru eins, hvað sem megingoðsögnum líður, eins og Septuagintunni, sem áður var minnst hér á. Áhersluatriði í skoposkenningunni er eins og Vermeer sagði: „A given source text does not have one correct or best translation only“.<sup>54</sup> Gæði hverrar þýðingar fyrir sig er hins vegar hægt að meta eftir því hvort viðkomandi þýðing sé viðhlítandi (e. *adequate*) miðað við skoposinn. Trúnaður er þá við skoposinn, ekki frumtextann.<sup>55</sup> Þetta leiðir til þess að þýðandinn þarf að gera skoposinn opinberan, lesandinn þarf að hafa upplýsingar um skoposinn til að geta metið þýðinguna.<sup>56</sup>

Af þessu sést hversu mun víðara sjónarhorn skoposkenningin kom fram með gagnvart þýðingum, jafnframt að sá þröngi stakkur sem frumtexti sneið þýðendum fyrir hennar tíma, tilheyrði nú öðru tímabili. Skoposkenningin veitir ákveðið frelsi undan því oki sem frumtextinn var í þýðingum og því var sú úlfakreppa sem þýðendur voru gjarnan settir í ekki lengur til staðar, það er, að viðmiðið sé frumtextinn, en bæði viðtökumenningin og viðtakendur markttextans aukaatriði. Með skoposkenningunni er tilgangurinn með markttextanum aðalatriðið og helgar hann einnig meðalið.<sup>57</sup> Skoposkenningin varpaði nýju sjónarhorni á þýðingar og tíminn hefur sýnt að kenningin var afar mikilvægt innlegg í fræðin. Engu að síður er það svo með skoposkenninguna eins og aðrar fræðilegar kenningar að hún hefur ekki verið verið hafin yfir gagnrýni á fræðilegum grundvelli. Má þar benda sérstaklega á gagnrýni er varðar skoposinn og fagurbókmenntir og þá það vald og frelsi sem þýðandinn (eða hvatamaður) öðlast yfir frumtextanum.

Með tilkomu þessarar nýju kenningar var horfið frá viðtekinni venju að horfa á jafngildi sem aðalatriði, eins og Eugene Nida skilgreindi það og áður hefur verið minnst á. Sergio Viaggio lýsti því sem svo í bók sinni *A general Theory of Interlingual Mediation* að nú

---

<sup>54</sup> Vermeer, „Skopos and Commission on Translational Action,“ 234.

<sup>55</sup> Sjá umfjöllun um sex reglur skoposkenningarinnar hér á eftir.

<sup>56</sup> Smith, „Dethroning Dante: Skopostheorie in Action,“ 13.

<sup>57</sup> Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 101.

væri ekki lengur hægt að tala um þýðingar sem einfaldlega tilfærslu milli tveggja tungumála, yrts eða skrifaðs texta.<sup>58</sup> Skoposkenningin dregur nefnilega fram marglaga eðli þýðinga og skilgreinir þýðingu sem verk (e. *activity*) og beinir því ljósinu að þýðandanum og því flókna verki sem felst í þýðingum. Kenningin gerir ráð fyrir að þýðandinn sé sérfræðingur og taki faglegar ákvarðanir miðað við hlutverk þýðingarinnar. Kenningin tekur einfalda mynd Nida af þýðingum, þar sem einungis er litið til sendanda og viðtakanda og túlkar þýðingar sem verkefni, þar sem ekki einungis textinn er greindur, heldur einnig óskir þess sem biður um verkið, eða skoposinn sjálfur, miðað við viðtökumenningu.

### 3.3 Hugtök skoposkenningarinnar

Skoposkenningin boðaði nýja stefnu og nýtt viðmið í þýðingafræði, sem leiddi til þess að ný hugtök voru kynnt til sögunnar. Nokkur þeirra eru nýyrðasmíð eins og til að mynda orðin: *Skopostheorie* og *Translat*. Helstu hugtök skoposkenningarinnar eru í fyrsta lagi skoposinn eða tilgangur (e. *purpose*) þýðingar, þá er hugtakið hlutverk (e. *function*), menning, jafngildi (e. *equivalence*) og viðhlítandi þýðing (þ. *ädequat*). Vermeer notaði skyld orð um sjálfan skoposinn, en það eru orð eins og markmið (þ. *Ziel*, e. *aim*), tilgangur (þ. *Zweck*, e. *purpose*), hlutverk (þ. *Funktion*, e. *function*) og að lokum ætlun (þ. *Intention* eða *Absicht*, e. *intention*).<sup>59</sup> Hér verður gerð grein fyrir nokkrum helstu hugtökum skoposkenningarinnar og fjallað um þau í stuttu máli. Hugtökin eru í stafrófsröð:

**Hlutverksjafngildi (e. *functional equivalence*):** Í skoposkenningunni er vísað í jafngildi sem hlutverksjafngildi, vægi þess er annað og minna en verið hafði áður.<sup>60</sup> Þetta hugtak er sérstaklega notað þegar um er að ræða þýðingu á samtali.<sup>61</sup>

---

<sup>58</sup> Sergio Viaggio, *A General Theory of Interlingual Mediation*, 15.

<sup>59</sup> Sjá umfjöllun Christiane Nord um eftirtalin orð: *aim*, *purpose*, *function* og *intention* í skoposkenningu Vermeers, í *Translating as a Purposeful Activity*, 28.

<sup>60</sup> Sjá umfjöllum hér að ofan um jafngildi í kenningum Nida.

<sup>61</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 36.

**Fyrirmæli (e. *commission*, þ. *Auftrag*):** Hvatamaður eða viðskiptavinur gefur þýðanda fyrirmæli um þýðinguna.

**Gerandi (e. *agent*):** Þeir aðilar sem eiga aðkomu að marktöxtanum, en það eru: sendandi, viðtakandandi, hvatamaður (hvatamaður getur einnig verið þýðandi) og þýðandi.

**Hvatamaður (þ. *Produzent*, e. *initiator*):** Skopos er oft ákveðinn af hvatamanni sem gæti verið sá sem óskar eftir þýðingu á ákveðnum texta, til að mynda útgefandi, en einnig getur það verið þýðandinn sjálfur.

**Hlutverk (þ. *Funktion*, e. *function*):** Hlutverk þýðingar vísar í merkingu textans gagnvart viðtakanda, eða til þess sem ætlast er til að merking hans sé frá sjónarhóli viðtakanda.

**Jafngildi (þ. *Äquivalenz*):** Sýnir samband einingar í marktöxta og frumtexta sem gegnir hverju sinni sama hlutverki í menningarlegum tjáskiptum.<sup>62</sup> Þetta er önnur skilgreining en hjá Nida.

**Markmið (þ. *Ziel*, e. *aim*):** Sú lokaniðurstaða sem viðkomandi gerandi vill sjá. Markmið miðast við þörf viðtakenda, eða ætlaða þörf viðtakenda fyrir textann.

**Samræmisreglan (e. *coherence rule*):** Marktöxtinn verður að vera miðaður við viðtakendur sína, þ.e. miðaður við þekkingu þeirra, aðstæður og þarfir.<sup>63</sup> Eins og reglan um fúnksjónal samsvörun, viku samræmisreglan einnig að gæðum þýðingarinnar og er forskriftarleg nálgun.

**Skopos:** Kjarni skoposkenningarinnar er að sérhver þýðing sé skilyrt af tilgangi. Orðið *skopos* er grískt að uppruna og merkir tilgangur. Vermeer notar hugtakið skopos sem

---

<sup>62</sup> Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 139-140.

<sup>63</sup> Munday, *Introducing Translation Studies*, 123. Sjá einnig Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 113.

tæknilegt hugtak um yfirlýstan tilgang þýðingar.<sup>64</sup> Vermeer gerir greinarmun á tilgangi og markmiði (e. *aim*) þýðingar. Skoposkenningin er tvíþætt í eðli sínu, hún skilgreinir þýðingu sem mannlega athöfn sem einkennist af ákveðnum tilgangi og markmiði, með fyrirmæli þess sem biður um þýðinguna, svokallaðs hvatamanns og menningarlegan bakgrunn lesanda (hlustanda, viðtakenda) í viðtökumálinu í huga. Ákvarðanaferli og stefnumörkun þýðingar getur ekki hafist fyrr en skopos hennar er skilgreindur og liggur fyrir. Skoposinn getur verið margvíslegur, einn eða fleiri, og markttextinn þarf ekki nauðsynlega að hafa sama hlutverk og frumtextinn, eins og gjarnan hafði verið álitid með bæði þýðingar og túlkun. Hlutverk þýðingarinnar gæti til að mynda verið jafngildi en svo þarf alls ekki að vera. Skoposinn er leiðarhnoða þýðingarinnar, trúnaður við frumtextann eða höfundinn er ekki lengur aðalatriðið, heldur er um menningarlega tilfærslu að ræða þar sem markttextinn er aðalatriðið.

**Tilgangur (þ. *Zweck*, e. *purpose*):** Tímabundið stig, þar sem eitthvað er framkvæmt sem stuðlar að því að ná *markmiði* (e. *aim*) skoposins. Um þetta atriði hverfast þýðingar að mati Reiss og Vermeers.<sup>65</sup>

**Translat:** Translat er skilgreint sem afurð eða afleiðing þeirrar athafnar (e. *action*) sem felst í þýðingu, hvort sem um er að ræða þýðingar eða túlkun. Translat er tæknilegt hugtak sem notað er um þýðingar og er nýyrðasmíði höfunda skoposkenningarinnar. Andrew Chesterman, þýðingafraeðingur, hefur bent á að í ensku tungumáli er ekki til eitt hugtak sem sameinar orðin þýðingu annars vegar og túlkun hins vegar, eða *Übersetzung* og *Dolmetzen*.<sup>66</sup> Ekki er heldur um að ræða slíkt orð í íslensku.<sup>67</sup>

**Upplýsingatilboð (þ. *Informationsangebot*):** Þetta hugtak er tvíþætt, að því leyti að það varpast í menningu frumtextans og markmenningu, en skoposkenningin leggur

---

<sup>64</sup> Schäffner, „*Skopos theory*,” 235.

<sup>65</sup> Reiss und Vermeer: „Die Dominante aller Translation ist deren Zweck“ er leiðarstef skoposkenningarinnar.

<sup>66</sup> Chestermann, „*Skopos Theory: A Retrospective Assessment*,”

<sup>67</sup> Hér verður notað orðið *translat* án þess að gera tilraun til að þýða það. Vermeer notaði orðið *Translatum* áður en hann gaf út *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*.

áherslu á að sérhver frumtexti sé alltaf í eðli sínu upplýsingatíloð í sinni menningu og aftur upplýsingatíloð í markmenningu.

**Tryggðarreglan (e. *fidelity rule*):** Tryggðarreglan krefst samæmis milli translats og frumtexta, en þó ekki fyrr en öðrum reglum hefur verið fylgt. Víkur einnig að gæðum þýðingarinnar og forskriftarlegri nálgun.

**Viðhlítandi þýðing (þ. *Ädequatheit*, e. *adequacy*):** Marktexti er einungis talinn vera viðhlítandi ef hann er í samræmi við skilgreindan skopos þýðingarinnar.<sup>68</sup>

**Þýðingarathöfn (e. *translational action*):** Skopos er fall af þýðingarathöfn, samkvæmt formúlu Reiss og Vermeers (sjá nánari umfjöllun hér fyrir ofan, bls. 20).

**Þýðingafyrirmæli (þ. *Übersetzungauftrag*, e. *translation brief*):** Í þýðingafyrirmælum kemur fram hvers konar þýðingu farið er fram á, frá hvatamanni eða þýðanda. Ekki er það endilega svo að slík fyrirmæli séu ávallt fyrir hendi, enda mismunandi aðstæður hverju sinni og stundum fullkominn óþarfi að gefa ákveðin þýðingafyrirmæli. Það er þýðanda í sjálfsvald sett hvort hann samþykkir verkið eða ekki, eða tekur persónulega ábyrgð á marktextanum, ef hann er ekki sáttur við þýðingafyrirmælin.

**Ætlun (þ. *Intention* eða *Absicht*, e. *intention*):** Þetta hugtak vísar bæði á sendanda og viðtakanda og segir til um viðeigandi þýðingu og skilning á textanum.

### 3.4 Skoposkenningin og grundvallarreglurnar sex

Til grundvallar skoposkenningunni eru sex reglur, en sjötta reglan segir einungis til um að mikilvægi reglnanna fari eftir þeirri röð sem þær birtast, þar sem skoposinn er mikilvægastur og æðri hinum reglunum. Reglurnar birtast hér, fyrst á þýsku og síðan á íslensku, ásamt nánari útskýringum.

---

<sup>68</sup> Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 139.

### Skopostheorie:

1. Ein Translat ist skoposbedingt.
2. Ein Translat ist ein Informationsangebot in einer Zielkultur und –sprache über ein Informationsangebot in einer Ausgangskultur und –sprache.
3. Ein Translat bildet ein Informationsangebot nicht-umkehrbar eindeutig ab.
4. Ein Translat muß in sich kohärent sein. (E. *intratextual coherence*).<sup>69</sup>
5. Ein Translat muß mit dem Ausgangstext kohärent sein. (E. *intertextual coherence*).<sup>70</sup>
6. Die angeführten Regeln sind untereinander in der angegebenen Reihenfolge hierarchisch geordnet (“verkettet”).<sup>71</sup>

### Skoposkenningin:

1. Translat verður að hafa skopos.
2. Translat er upplýsingatilboð í viðtökumenningu og -máli og með uppruna úr menningarheimi frumtextans og frummálinu.
3. Translat myndar upplýsingatilboð sem ekki er hægt að þýða til baka.
4. Translat verður að vera í samhengi innan markttextans (þ. *intratextuelle Kohärenz*).
5. Translat verður að vera í samhengi við frumtextann (þ. *intertextuelle Kohärenz*).
6. Reglur þessar eru í stigveldi.<sup>72</sup>

**1. Translat verður að hafa skopos:** Þetta er meginregla skoposkenningarinnar og nafngift. Þessi fyrsta grundvallarregla lýtur að sjálfu hlutverki þýðingarinnar – þýðing er ávallt skilyrt af skilgreindu hlutverki sínu, eða þeim skopos sem er skilgreindur áður en hafist er handa við þýðinguna. Skoposinn er gjarnan ákvarðaður af hvatamanni eða

---

<sup>69</sup> Enskt hugtak mín viðbót, til aðgreiningar frá næstu reglu.

<sup>70</sup> Enskt hugtak mín viðbót, til aðgreiningar frá fyrri reglu.

<sup>71</sup> Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 119.

<sup>72</sup> Þýð. SSH. Orðin *skopos* og *translat* eru ekki þýdd.

þýðanda. Þessi regla er öðrum reglum skoposkenningarinnar æðri. Gæði þýðingar má meta út frá því hversu vel tekst til með að fylgja skopos hennar.

## **2. Translat er upplýsingatilboð í viðtökumenningu og -máli og kemur úr**

**menningarheimi frumtextans og frummálinu:** Þessi regla fjallar um þýðingar sem menningarmiðlun, menningartilfærslu og þessi samskipti milli tveggja tungumála sem þýðing býður upp á. Segja má að frumtexti sé tilboð sem varpað er í markmenningu (þ. *Zielkultur*) og viðtökumál (þ. *Zielsprache*), frá menningu frumtextans (þ. *Ausgangskultur*) og frummáli (þ. *Ausgangssprache*).

**3. Translat myndar upplýsingatilboð sem ekki er hægt að þýða til baka:** Útskýrir að marktecta sé aldrei hægt að þýða til baka svo úr verði sami frumtexti og áður. Við þýðingu á frumtexta verður til nýr texti og þar sem þýðing er aldrei einföld tilfærsla frá einu tungumáli yfir á annað, heldur menningartilfærsla þar sem tekið er tillit fjölmargra atriða, er ekki mögulegt að þýða textann til baka þannig að úr verði sami frumtexti.

## **4. Translat verður að vera í samhengi innan marktectans (þ. *intratextuelle Kohärenz*):**

Gerð er krafa um að marktectinn sé skiljanlegur viðtakendum, miðað við menningarlegan bakgrunn þeirra, aðstöðu og þarfir. Þessi regla, ásamt fyrstu og fimmtu víkja að sjálfri þýðingunni. Reglur númer fjögur og fimm eru forskriftarlegar (e. *prescriptive*).

## **5. Translat verður að vera í samhengi við frumtextann (þ. *intertextuelle Kohärenz*):**

Þessi regla krefst samhengis milli frumtexta og marktecta, að því gefnu að reglur eitt og þrjú séu uppfylltar. Þá er átt við tryggð (þ. *Fidelität*) við frumtextann út frá þeim upplýsingum sem þýðandinn fær um frumtextann, hvernig hann túlkar frumtextann og hvernig upplýsingarnar eru transkóðaðar fyrir viðtakendur.<sup>73</sup>

---

<sup>73</sup> Munday, *Introducing Translation Studies*, 123. Sjá einnig Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 114-115.

**6. Reglur þessar eru í stigveldi:** Reglurnar eru taldar upp í röð eftir mikilvægi þeirra og þurfa að vera hafðar til hliðsjónar í þessari röð.

### 3.5 Þýðingaráætlun *The Witches* byggð á skoposkenningunni

- 1. Translat verður að hafa skopos:** Skoposinn eða tilgangur þýðingarinnar þarf að vera skilgreindur í upphafi samkvæmt forskrift skoposkenningarinnar. Við þýðingu *The Witches* var ákveðið að tilgangurinn eða skoposinn væri að veita ungum lesendum hér á landi möguleika á að njóta verksins á íslensku, í nýrri þýðingu, og að þýðingin endurspegli eftir fremsta megni bráðskemmtilegt verkið. Markmiðið er að taka þátt í því að breikka flóru klassískra barnabókmennta á Íslandi.
- 2. Translat er upplýsingatilboð í viðtökumenningu og -máli og kemur úr menningarheimi frumtextans og frummálinu:** Translat er verkið þegar það hefur verið þýtt á íslensku, eins og áður var útskýrt. Það er texti sem er upplýsingatilboð eða framboð á ákveðnum texta úr öðru tungumáli. Þó svo að verkið hafi verið þýtt áður hefur það ekki verið almennt á boðstólum. Sé það rétt hjá Helga Hálfðanarsyni að hver kynslóð eigi skilið að fá sína þýðingu á Shakespeare, má spyrja sig hvort klassískar barnabókmenntir megi ekki þýða oftari en einu sinni?
- 3. Translat myndar upplýsingatilboð sem ekki er hægt að þýða til baka:** Þýðing er menningartilfærsla og sem slík er hún aldrei endurþýðanleg í frumtexta sinn. Með þessu er lögð áhersla á að markttextinn tilheyrir nú annarri menningu. Á þann hátt má segja að markttextinn öðlist sjálfstætt líf sem er óháð frumtextanum, þar sem menningarbundin atriði hafa breytt textanum.
- 4. Translat verður að vera í samhengi innan markttextans (þ. *intratextuelle Kohärenz*):**



Gerð er krafa um að markttextinn sé skiljanlegur viðtakendum, miðað við menningarlegan bakgrunn þeirra, aðstöðu og þarfir. Þessi regla, ásamt fyrstu og fimmtu, viku að sjálfri þýðingunni og er undirsett fyrri reglum. Í *The Witches* eru ekki mörg atriði sem þurfti að hagræða, þar sem menningarheimur frumtextans er vel kunnur hér á landi og ekki svo ólíkur. Engu síður eru nokkur menningarbundin atriði sem huga þurfti að. Til að mynda voru það titlar og eftirnöfn sem mér fannst nauðsynlegt að laga að íslenskri hefð. Heiti hótelsins var íslenskað. Það var gert til að gefa staðnum þau hugrænu blæbrigði sem enska heitið kallaði á, en þessi blæbrigði færu mjög líklega fram hjá ungum lesendum ef nafn hótelsins hefði fengið að haldast óbreytt. Einnig var eitthvað um stærðareiningar sem þýða þurfti yfir í íslenskt kerfi.

**5. Translat verður að vera í samhengi við frumtextann (þ. *intertextuelle Kohärenz*):**

Að teknu tilliti til þessarar reglu var þess gætt að samhengi væri milli frumtexta og markttexta. Þá er átt við tryggð (þ. *Fidelität*) við frumtextann út frá þeim upplýsingum sem þýðandinn fær um frumtextann, hvernig hann túlkar frumtextann og hvernig upplýsingarnar eru kóðaðar fyrir viðtakendur.<sup>74</sup>

**6. Reglur þessar eru í stigveldi:** Stigveldi reglnanna er grundvöllur kenningarinnar og verður að hafa ávallt að hafa til hliðsjónar, þegar aðferðafræði skoposkenningarinnar er notuð.

### 3.6 Fræðileg gagnrýni á skoposkenninguna

Skoposkenningin opnaði nýjar víddir og kom með nýtt sjónarhorn á þýðingar. Kenningin hugtakagerir til að mynda þá aðila sem koma að þýðingum, þar sem

---

<sup>74</sup> Munday, *Introducing Translation Studies*, 123. Sjá einnig Reiss og Vermeer, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, 114-115.

höfundur, viðskiptamaður, þýðandi, útgefandi og viðtakandi eru taldir til sögunnar, en ekki einungis sendandi og viðtakandi.<sup>75</sup> Skoposkenningin veltir fram fleti á þýðingum sem er félagsmenningarlegur (e. *sociocultural*) þáttur þeirra, en það höfðu fyrri þýðingafræðikenningar ekki gert. Kenningin hefur einnig reynst vel sem forskriftarleg kenning (e. *prescriptive*) við kennslu, en þegar hún kom fyrst fram olli hún töluverðum usla meðal sumra fræðimanna og bókmenntaþýðenda.<sup>76</sup> Margir héldu því fram að kenningin gæfi þýðendum of mikið vald og þýðingar þyrftu ekki lengur að fylgja nákvæmlega frumtextanum.<sup>77</sup> Með tímanum lægði þær öldur og segja má að kenningin hafi staðist tímans tönn, en fræðileg gagnrýni hafi leitt til áframhaldandi þróunar.

Sumir fræðimenn hafa gagnrýnt skoposkenninguna fyrir ofuráherslu á marktöxtann og það að þýðandi virðist ekki þurfa að sýna frumtextanum neina tryggð eða hollustu. Þýðingafræðingurinn Anthony Pym hefur gagnrýnt áherslu skoposkenningar Vermeers á skoposinn, eða tilganginn. Pym segir að tilgangur þýðinga gangi einungis upp ef allir eru sammála um hann. Hvað ef svo er ekki? Í þessum áhugaverða punkti Pym felst gagnrýni á þá staðhæfingu Vermeers búið sé að kollvarpa frumtextanum úr hásæti sínu.<sup>78</sup> Annar fræðimaður sem hefur fjallað um skoposkenninguna en einnig þróað hana áfram er þýðingafræðingurinn Christiane Nord. Hún hefur einnig fjallað um gagnrýni á skoposkenninguna og aðrar kenningar hlutverksstefnunnar sem tilheyra þýðingafræði. Nord hélt því fram að ein helsta áhersla skoposkenningunnar væri samtímis Akkilesarhæll hennar, en það er að gildi frumtextans sé vanmetið.<sup>79</sup> Nord þróaði hins vegar áfram tryggðarhugtakið og hollustu þýðandans við höfundinn og frumtextann. Nord kom fram með meginreglu sem hún kallaði „functionality plus loyalty“ eða „hlutverk og hollusta“:

Loyalty commits the translator bilaterally to the source and the target sides. It must not be mixed up with fidelity or faithfulness, concepts that usually refer to a relationship holding between the source and the target *texts*. Loyalty is an interpersonal category referring to a social relationship between *people*.<sup>80</sup>

---

<sup>75</sup> Chesterman, „Skopos theory: a retrospective assessment,“ 209.

<sup>76</sup> Gauti Kristmannsson, „Fræðimaður þýðinga,“ 126.

<sup>77</sup> Ibid.

<sup>78</sup> Pym, *Exploring Translation Theories*, 54-55.

<sup>79</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 123.

<sup>80</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 125. Hér þýði ég hugtökin sem Nord ber saman í textabrotinu: *Loyalty, fidelity, faithfulness*, í sömu röð: hollusta, trúnaður, tryggð.

Þetta er hægt að túlka sem svo að þýðandinn sé bundinn bæði frumtextanum og marktöxtanum og verður að sýna báðum hliðum hollustu. Með þessu móti dregur Nord úr alvaldi marktöxtans, markmenningar og viðtakanda, eins og það birtist í fyrstu reglu skoposkenningarinnar.<sup>81</sup> Varðandi þessa reglu skoposkenningarinnar og athafnakenninguna, segir Nord að ekki séu allir sammála um að allar athafnir hafi tilgang, sérstaklega þegar kemur að list. Athafnakenningin er þó sá grunnur sem skoposkenningin byggir á. Nord segir hins vegar að sé þessu almenna hugtaki beitt á þýðingar, verði að ramma það betur inn, en ekki beita því á jafn almennan hátt og Reiss og Vermeer gera. Þá sé þýðingarathöfnin í heild tilgangurinn og marktöxtinn afleiðing hennar. Þar að auki megi telja til sérstaka hluta þýðingarinnar, sem og þýðingaráætlunina.<sup>82</sup> Á svipaðan máta segir Nord að ekki séu allir sammála um að þýðing verði að hafa tilgang og að margir hafi gagnrýnt fyrstu reglu skoposkenningarinnar út frá þeirri staðhæfingu.

Gagnrýnendur hafa gjarnan minnst á bókmenntaþýðingar þegar kemur að gagnrýni á tilgang þýðinga og þá á þann veg að þær hafi engan annan tilgang en frumtextann. Skoposinn er samt sem áður staðsettur í markmenningunni, að mati Vermeers, en tilgangurinn er virknihugtakið (e. *dynamic concept*) eða jafnvel drifkrafturinn, sem er staðsettur í frumtextanum.<sup>83</sup> Af þessu má draga þá ályktun að engin þýðing er án tilgangs eða skopos, ekki heldur þýðingar fagurfræðilegra bókmennta.

Aðrir hafa verið harðari í gagnrýni á skoposkenninguna, eins og til að mynda þýðingafræðingurinn Andrew Chesterman. Í grein sinni „Skopos theory: a retrospective assessment“ gerir hann athugasemdir við ýmis atriði varðandi skoposkenninguna.<sup>84</sup> Til að mynda gagnrýnir Chesterman sjálfa skilgreininguna á skoposinum, sem hann telur einnig vera vanbúna, en þá á annan hátt en Nord. Orðið skopos er skilgreint sem samheiti við þýska orðið *Zweck* og þýska orðið *Funktion*. Hins vegar vanti skilgreiningu á seinna hugtakið og því sé ekki hægt að halda því fram að um samheiti sé að ræða.

---

<sup>81</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 123.

<sup>82</sup> „Applying this general principle to translation theory, the idea of purpose can refer to the translational action as a whole, to the target text as a result of this action, and to a particular translation unit plus the translation strategy chosen for its transfer.“ Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 110.

<sup>83</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 115.

<sup>84</sup> Chesterman, „Skopos theory: a retrospective assessment“.

Skilgreining þeirra Reiss og Vermeers á þýðingu sem upplýsingatilboði í markmenningu sýni tengingu frumtexta og marktæxta sem afar veika. Chesterman heldur því fram að þau skilyrði sem þýðing þarf að uppfylla sé að textinn vekir áhuga í markmenningu, einnig að hann sé í innra samræmi og tryggðarsamræmi. Þá séu minni kröfur gerðar til þýðingar en þegar fylgt er jafngildi.<sup>85</sup> Gagnsemi skoposkenningarinnar er, að mati Chestermans, að skopos þýðingar sé ekki endilega sá sami og skopos frumtexta, eins og málum er oft háttað.<sup>86</sup>

---

<sup>85</sup> Chesterman, „Skopos theory: a retrospective assessment,“ 212.

<sup>86</sup> Chesterman, „Skopos theory: a retrospective assessment,“ 211.

## 4 Um þýðinguna

Þrátt fyrir að mikilvægi barnabókmennta sé óumdeilt, má segja að þær séu á vissan hátt jaðarsettar. Að öllu jöfnu fá barnabókmenntir ekki sömu athygli og bækur ætlaðar fullorðnum þegar litið er til fjölmiðla, opinbers stuðnings og styrkja, viðurkenninga, umræðu og áfram mætti telja. Þó er því hvergi haldið fram að auðveldara sé að semja eða þýða fyrir unga lesendur en fullorðna. Þessu til stuðnings má minnst orða Roalds Dahls sem hélt því fram að það væri bæði vandasamara og flóknara að skrifa bækur fyrir unga lesendur en fyrir þá fullorðnu. Eftirfarandi texti sýnir inn í hugarheim rithöfundarins:

What makes a good children's writer? The writer must have a genuine and powerful wish not only to entertain children, but to teach them the habit of reading... [He or she] must be a jokey sort of fellow... [and] must like simple tricks and jokes and riddles and other childish things. He must be unconventional and inventive. He must have a really first-class plot. He must know what enthralls children and what bores them. They love being spooked. They love ghosts. They love the finding of treasure. They love chocolates and toys and money. They love magic. They love being made to giggle. They love seeing the villain meet a grisly death. They love a hero and they love the hero to be a winner. But they hate descriptive passages and flowery prose. They hate long descriptions of any sort. Many of them are sensitive to good writing and can spot a clumsy sentence. They like stories that contain a threat. "D'you [sic] know what I feel like?" said the big crocodile to the smaller one. "I feel like having a nice plump juicy child for my lunch." They love that sort of thing. What else do they love? New inventions. Unorthodox methods. Eccentricity. Secret information. The list is long. But above all, when you write a story for them, bear in mind that they do not possess the same power of concentration as an adult, and they become very easily bored or diverted. Your story, therefore, must tantalize and titillate them on every page and all the time that you are writing you must be saying to yourself, "Is this too slow? Is it too dull? Will they stop reading?" To those questions, you must answer yes more often than you answer no. [If not] you must cross it out and start again.<sup>87</sup>

Til allra þessa atriða þarf þýðandi barnabóka einnig að horfa, ekki einungis þýðandi verka Dahls. En hvers vegna skyldi vera svo miklum erfiðleikum bundið að skrifa og þýða fyrir börn svo vel sé? Ástæðan er margþætt. Gillian Lathey hefur meðal annars bent á að þekking barna á umheiminum er takmörkuð, til að mynda hafa þau

---

<sup>87</sup> Sturrock, *Storyteller: The Authorized Biography of Roald Dahl*, 547-8.

takmarkaða þekkingu á öðrum menningarheimum, tungumálum og landafræði. Til þessara atriða þurfi að taka tillit til og hafa í forgrunni, ekki síst þegar um menningartilfærslu eins og þýðingu er að ræða.<sup>88</sup> Af þessu leiðir að þýðendur reyna að skapa það sem Göte Klingeberg útskýrði sem aðlögun að menningarlegu samhengi (e. *cultural context adaptation*) fyrir unga lesendur.<sup>89</sup> Nokkur nærtæk dæmi eru um breytingar sem gerðar eru á texta til að viðhalda menningarlegu samhengi þegar ensk barnabók er þýdd á íslensku. Má þar nefna nöfn persóna og titla, sérstaklega þar sem hér á landi eru notuð skírnamn en ekki fjölskyldunafn eins og í enskri menningu. Þetta kallar á lausnir og á einhvern hátt þarf að fara í kringum þetta, annað hvort finna hvort skírnamn komi ekki einhvers staðar fram seinna í textanum, forðast alfarið að nota nafnið og nota fremur nafnorð, jafnvel búa til nýtt nafn. Einnig þarf að tóna formleg samskipti niður og samhæfa við íslenska hefð, til að mynda sleppa titlum eins og herra og frú. Hafa skal í huga að viðtakandinn ungi hefur væntanlega litla þolinmæði gagnvart klaufalegum þýðingum sem falla illa að menningarheimi hans og tungumáli. Það hangir meira á spýtunni þegar börn og lestur er annars vegar, en þegar um aðrar bókmenntir er að ræða, og því hvílir sérstök ábyrgð á herðum rithöfunda og þýðenda barnabóka.

#### 4.1 *The Witches*

Að ýmsu þarf að gæta þegar bók er valin til þýðinga, en fyrst og fremst þarf hún að vera skemmtileg og fara vel með athygli lesandans, eins og Dahl segir hér að ofan. *The Witches* eða *Nornirnar* var fyrst gefin út árið 1983 hjá Jonathan Cape bókaútgáfunni. Bókin hefur verið þýdd á fjölmörg tungumál, eins og áður sagði. Verkið er ætlað lesendum á aldrinum sjö til 11 ára. Kvikmyndin *The Witches* var gerð eftir bókinni árið 1990. Höfundurinn hlaut Whitbread verðlaunin sama ár og verkið kom út. Ef flokka á

---

<sup>88</sup> Lathey, Gillian. *The Translation of Children's Literature*, 7.

<sup>89</sup> Gillian Lathey talar um Göte Klingeberg (1918-2006), en hann var prófessor í barnabókmenntum við Háskólann í Lundi. Hann skrifaði fyrstu doktorsritgerð í Svíþjóð sem var tileinkuð barnabókmenntum (1964). Sjá Lathey, Gillian. *The Translation of Children's Literature*, 7.

bókina eftir bókmenntagrein er líklegasta lýsingin myrkur fantasíuhryllingur með kómísku ívafi ætlaður ungum lesendum. Myndskreytingar Quentins Blake eru ákveðin þýðing á verkinu og ná kjarna textans sem sameinar bæði hrylling og húnor, en myndskreytingarnar eru ekki takmarkandi, fremur að þær gefi ímyndunarafla lesandans lausan tauminn til að túlka textann, hver á sinn einstaka hátt.

Svo vikið sé að höfundinum, þá fæddist Roald Dahl í Wales árið 1916 (d. 1990), sonur auðugra norskra innflytenda. Á heimilinu var töluð bæði enska og norska og fjölskyldan eyddi flestum fríum í Noregi. *The Witches* dregur dóm af því. Dahl byrjaði seint að skrifa fyrir börn en varð afkastamikill barnabókahöfundur.<sup>90</sup> Höfundarverk hans fyrir börn eru 18 skáldsögur og þrjár ljóðabækur. *The Witches* er tólfta bók hans fyrir börn. *Nornirnar* urðu fyrir valinu vegna sérstaks dálætis míns á verkum Roalds Dahls. Eitthvað hefur verið þýtt af bókum hans hér á landi, af þeim hef ég þýtt þrjú verk: *Georg og mögnuðu mixtúruna* (*George's Marvellous Medicine*, 2015), *BFG* (*The BFG*, 2016) og *Matthildi* (*Matilda*, 2017). *Matthildur* er einmitt notuð hér á landi og víðar til kennslu í skólum, en verkið þykir afar hentugt til að kynna börnum réttindi sín út frá Barnasáttamála Sameinuðu Þjóðanna (e. *United Nations Children's Convention, UNCC*).

Í stuttu máli segir *The Witches* frá sjö ára strák, sem býr í Englandi. Hann missir foreldra sína í voveiflegu bíslýsi. Í kjölfarið fer hann í fóstur til aldraðrar ömmu sinnar, sem er norsk. Amman er ekki öll þar sem hún er séð, heldur var hún einn færasti nornaveiðari á heimsvísu fyrr á árum. Hún er einnig mikill sagnaþulur og nýtur þess að segja dóttursyni sínum sögur af nornum og ekki síst hvernig þekkja skuli þær frá venjulegum konum. Það er einkar heppilegt, því í sumarfríi þeirra hittir strákurinn einmitt fyrir heilan herskara af nornum sem ekkert vita hræðilegra en börn. Þær eru með mikla áætlun á þrjónunum sem snýst um að útrýma öllum börnum í Englandi á einkar kaldrifjaðan hátt. Drengurinn og amman ná að stöðva framgang áætlunarinnar og gott betur, en ekki þó án mikilla persónulegra fórna.

Eins og sést er aðallega um skemmtun og spennu að ræða, enda virðist markmið Dahls með verkum sínum fyrir unga lesendur sjaldnast vera fræðandi (e. *didactic*).

---

<sup>90</sup> Fyrsta verk Roalds Dahl heitir *The Gremlins* og var útgefið árið 1943, en langur tími leið þar til næsta bók fyrir börn var gefin út, eða það var verkið *James and the Giant Peach* árið 1961.

Engum ætti þó að dyljast skilaboð höfundar um jaðarsetningu barna og aldraðra einstaklinga í þjóðfélaginu, sem og andstöðu við útlitsdýrkun, yfirborðsmennsku, matgræðgi og eflaust mætti telja fleiri atriði til sögunnar sem fyrir koma í verkinu. Þekkt leiðarstef hjá Dahl er jaðarsetta barnið sem myndar bandalag við jaðarsettan fullorðinn einstakling.<sup>91</sup> Amman er eldri einstaklingur og er augljóslega túlkuð sem jaðarsett af samfélaginu, en Dahl túlkar þau sem hugrakkar hetjur.<sup>92</sup> Ummyndun aðalpersónunnar og Brúnos, jafnaldra hans, er hæglega hægt að yfirfæra á alla þá sem ekki falla inn í staðalgildi samfélagsins, ásamt því að verkið sýnir afar ólík viðbrögð nánustu aðstandanda gagnvart ástvinu sem verður fyrir ummyndun. Amma drengsins tekur honum eins og ekkert hafi í skorist, en foreldrar Brúnós geta engan veginn sætt sig við hann eftir ummyndunina. Verkið er á engan hátt væmið eða klisjukennt, en hæglega má draga þá ályktun af lestrinum að ekki skuli dæma fólk eftir útliti eða stöðu.

## 4.2 Höfundareinkenni

Eins gjarnan má sjá í verkum Dahls er innri málheimur verksins marglaga. Aðalnornin talar með öðru málsniði en aðrir í verkinu. Málsniðið er formlegt, enda á stærsti hluti orðræðu hennar sér stað á þingi nornanna. Orðfæri hennar er einnig sértækt, eðli málsins vegna, og þegar mikið liggur við fer hún þar að auki með bundið mál. Það sem er óvenjulegt við formlegt málsnið hennar er einkennilegur framburðurinn, sem er notaður til undirstrikunar á annarleika hennar. Höfundur bætir bundnu máli við annarleikann og undarlegt orðfæri. Nornin er gormælt, en hún rúllar r-hljóðum. Þessari eigind textans er mikilvægt að ná fram í þýðingunni á sem nákvæmasta hátt, en þó ekki þannig að það trufli lesturinn, því þarf að gæta þess að marktextinn beri vel þennan framandi málheim. Miðað við skoposkenninguna þarf að ná fram *virknijafngildi*.<sup>93</sup> Gormælskan er táknuð sem mörg „r“ í orðum þar sem einungis á að vera

---

<sup>91</sup> Aðalpersónan, drengurinn, hefur ekkert nafn. Hann er sögumaðurinn, í fyrsta kafla talar höfundur til lesandans. Kaflinn heitir „A Note about Witches“.

<sup>92</sup> Sjá til að mynda samtal ömmunnar við hótélstjórnann. Dahl, *Nornirnar* (handrit), 26.

<sup>93</sup> Nord, *Translating as a Purposeful Activity*, 36.



eitt. Þetta ekki við um öll orð sem hafa „r“ en líklega er ástæðan sú að þreytandi væri að lesa þannig texta. Í þýðingunni er sami háttur hafður á, nema ekki eru alltaf sömu orðin með áherslu, heldur er haft í huga hvernig setningin hljómar á íslensku og hvar hentar að láta fá fram skrollið. Annað atriði í framburði hennar á frummálinu er að hún getur ekki borið fram orð með hljóðinu „w“ þess í stað ber hún fram hljóðið „v“. Þetta hljóð finnst ekki í íslensku og lét ég því þennan framburð ekki skila sér á neinn hátt í þýðingunni. Ýmis hljóð voru mátuð en þau gengu ekki upp. Ástæðuna má rekja til þess að skrollið virkar fyrirferðarmeira í íslenska textanum en í hinum enska, ef til vill þar sem framburður þess er harðari í íslensku. Af þessu dró ég þá ályktun að ekki væri farið vel með athygli lesandans ef frekari hljóðum væri bætt við framburð nornarinnar.

Önnur höfundareinkenni við sérstaka nýyrðasmíði höfundar er hið svokallaða *Gobblefunk*, sem Dahl taldi til sérstaks tungumáls. *Gobblefunk* er mun fyrirferðarminna hér en til að mynda í *The BFG*, eða *The Big Friendly Giant*. Þó er eitthvað um orð úr *Gobblefunk*. Sem dæmi má nefna eftirfarandi texta:

„So you mix in the egg,“ The Grand High Witch went on, „and vun after the other you also mix in the following items: the claw of a *crrrabcrrruncher*, the beak of a *blabbersnitch*, the snout of a *grrrobblesqvirt* and the tongue of a *catsprrringer*. I trust you are not having any trrrrouble finding those.“<sup>94</sup>

„Og svo errrr egginu blandað saman við,“ hélt æðsta aðalnorn áfram, „og bæta svo við eftirrrfarandi hrrráefni: kló af *krrrabbakræki*, goggi af *blaðurrhegra*, trrrýni af *nagmatargrís* og tungu af *kattarskrrrattakolli*. Ég trrrúi ekki öðru en að það sé auðvelt að verða sér úti um þetta.“<sup>95</sup>

Eins og sjá má af þessu dæmi er ekki um að ræða að hægt sé að fletta upp þessum orðum í orðabók, eða yfir höfuð finna þýðingu á viðkomandi orði, heldur er nýyrðasmíði eina lausnin. Þá leita ég í grunnorðaforða íslenskunnar, til þess að orðafarið verði gegnsætt fyrir unga lesendur hér á landi. Lausnin miðast við að orðin skapi svipuð hughrif.

Önnur höfundareinkenni eru sterk í þessu verki, má þar nefna að bundnu máli bregður fyrir eins og svo oft hjá Dahl. Einnig er upptalning, rím og stuðlun áberandi í prósahluta textans. Í þulu æðstu aðalnornar á bls. 79-80 (sjá frumtexta og þýðingu á

---

<sup>94</sup> Dahl, *The Witches*, 89.

<sup>95</sup> Dahl, *Nornirnar* (handrit), 48.

næstu blaðsíðu) er hljómfallið hnígandi tvíliður með stýfðum lið í enda hvers vísuorðs. Atkvæðafjöldi ljóðlínanna var leitast við að hafa sambærilegan. Hvað hljóð varðar rímar fyrsta og önnur ljóðlína, ávallt samstæðar með ýmist alrími eða hálfrími.

„Down vith children! Do them in!“  
 Boil their bones and fry their skin!  
 Bish them, sqvish them, bash them, mash them!  
 Brrreak them, shake them, slash them, smash them!  
 Offer chocs vith magic powder!  
 Say “Eat up!” then say it louder.  
 Crrram them full of sticky eats,  
 Send them home still guzzling sweets.  
 And in the morning little fools  
 Go marching off to separate schools.  
 A girl feels sick and goes all pale.  
 She yells, “Hey look! I’ve grrrown a tail!”  
 A boy who’s standing next to her  
 Screams, “Help! I think I’m grrrowing fur!”  
 Another shouts, “Vee look like frrreaks!”  
 There’s viskers growing on our cheeks!“  
 A boy who was extremely tall  
 Cries out, “Vot’s wrong? I’m grrrowing small!”  
 Four tiny legs begin to sprrrout  
 From everybody rrround about.  
 And all at vunce, all in a trrrrice,  
 There are no children! Only MICE!  
 In every school is mice galore  
 All rrrunning rrround the school-rrrom floor!  
 And all the poor demented teachers  
 Is yelling, “Hey, who are these crrreatures?”  
 They stand upon the desks and shout,  
 “Get out, you filthy mice! Get out!  
 Vill someone fetch some mouse-trrrraps, please!  
 And don’t forrrget to bring the cheese!”  
 Now mouse-trrrraps come and every trrrrap  
 Goes *snippy-snipp* and *snappy-snap*.  
 The mouse-trrrraps have a powerful spring,  
 The springs go *crack* and *snap* and *ping*!  
 Is lovely noise for us to hear!  
 Is music to a vitch’s ear!  
 Dead mice is every place arrround,  
 Piled two feet deep upon the grrround,  
 Vith teachers searching left and rrright,  
 But not a single child in sight!  
 The teachers cry, “Vot’s going on?”  
 Oh where have all the children gone?”  
 Is half-past nine and as a rrrule  
 They’re never late as this for school!”  
 Poor teachers don’t know vot to do.  
 Some sit and rrrread, and just a few  
 Amuse themselves throughout the day  
 By sveeping all the mice away.  
 AND ALL US VITCHES SHOUT HOORAY!”

„Burt með börrrn! Vinnum þeim mein!“  
 Steikjum, sjóðum inn í bein!  
 Kremjum, kreistum, teygjum, veltum!  
 Hnoðum, snúum, beygjum, smeltum!  
 Eiturnammi öll þau naga!  
 „Upp í munn og ofan í maga!“  
 Slikkerí þeim best er að gefa  
 Heim á leið þau stýfa úr hnefa.  
 En að morgni fara að góla  
 Þegar komin eru í skóla.  
 Telpukorn sem situr í bala  
 hrópar: „Ég er komin með hala!“  
 Strrrákur einn veit ei hvað veldur  
 Veinar: „Á mig errr vaxinn feldur!“  
 Annar: „Ekki verður þetta skár  
 á kinnum eru löng veiðihár!  
 Gaur einn afarr hávaxinn  
 verður skyndilega lágvaxinn.  
 Birtast á öllum leggir fjórir  
 á að líta langir og stórir  
 Í paník segir einhver vís:  
 „Hérrr er ekkert barrrn! Bara MÝS!“  
 Farraldur í öllum skólum  
 mýs undir borðum, mýs undir stólum  
 Kennari einn á gluggann knýr:  
 „Hvaðan koma öll þessi nagdýr?“  
 Kennarar á borðum standa  
 „Út, mýs, út!“ og með höndum banda.  
 „Náið í músagildrukostinn  
 munið líka að ná í ostinn!“  
 Músagildrrurnar gólfið fylla  
 og fljótt þær fara að fella  
 allar mýs með háum hvelli  
 skelli og hvínandi smelli.  
 Hljómarr vel í mörgum geirum!  
 sem tónlist ljúf í nornaeyrum!  
 Dauðar mýs liggja út um allt,  
 í haugum svona hundraðfalt.  
 Að börnum leita tvist og bast,  
 kennarrar og fá kvíðakast!  
 „Hvað errr eiginlega hér á seyði?  
 Er í þau kominn skólaleiði?  
 mæta eiga klukkan níu  
 en nú er hún að verða tíu!“  
 Hvað er best til bragðs að taka?  
 Sitja og lesa, sofa, vaka?  
 Sumir fara og ná í sóp,  
 og sópa í burtu músahóp.  
 HÚRRRA! HEYRIST ÞÁ HVELLT NORNAHRÓP!

### 4.3 Stílbrögð

Dahl grípur gjarnan til ýmiss konar stílbragða í textum sínum. Má þar nefna hrynjandi, stuðlun og ekki síst Gobblefunk, tungumálið sem inniheldur aðallega nýyrði höfundar. Einnig má nefna til sögunnar eitt stílbragð sem hann notar alloft í verkum sínum, en það er hljóðgerving (e. *onomatopoeia*). Því stílbragði má oft sjá bregða fyrir í *The Witches*. Sérstaklega má í því tilfelli benda á þriðju og fjórðu braglínu í þulu nornarinnar hér að ofan, en þar notar hann orð sem innihalda eða byrja á hljóðinu „sh“: *bish, squish, bash, mash, shake, slash* og *mash*. Þetta hvínandi og ískrandi hljóð magnar upp illsku nornarinnar og áhrifin eru augljós. Í þýðingunni eru þessar ljóðlínur ekki þýddar með hljóðgervingu, lausnin fólst fremur í því að undirstrika innihald textans og illar fyrirætlanir nornarinnar, en halda hrynjandi orðanna með því að láta orðin enda á „-um“: *kremjum, kreistum, teygjum, veltum, hnoðum, snúum, beygjum* og *smeltum*.<sup>96</sup> Hljóðgerving kemur seinna í þulunni, eða í eftirfarandi hluta:

Now mouse-trrraps come and every trrrap  
Goes *snippy-snipp* and *snappy-snap*.  
The mouse-trrraps have a powerful spring,  
The springs go *crack* and *snap* and *ping*!

Músagildrrurnar gólfið fylla  
og fljótt þær fara að fella  
allar mýs með háum hvelli  
skelli og hvínandi smelli.<sup>97</sup>

Og eru þá orðin: *fylla, fella, hvelli, skelli* og *smelli* látin tákna hljóðin þegar mýsnar lenda í gildrunum.

Ljóst er hér þarf annars vegar að gæta að samhengi, en hins vegar er áriðandi að halda í annarleikann (og djöfulganginn, ef svo má að orði komast). Sé frásögn áhugaverð og gott skemmtiefni, ætti annarleikinn ekki að þreyta, hræða eða hvað þá

---

<sup>96</sup> Í þessu dæmi má benda á eitt af vandamálum sem kemur upp þegar þýða skal bundið mál úr ensku yfir á íslensku, sem er að enskan á mun fleiri eins atkvæðis orð en íslenskan.

<sup>97</sup> Sjá þuluna á ensku og íslensku hér fyrir ofan.

stöðva lesturinn. Öllu heldur ættu þessir eiginleikar að opna nýjar víddir fyrir hinn unga lesenda. Margt þarf því að taka með í reikninginn þegar þýða á barnabækur. Ýmislegt kemur til, eins og hér hefur verið tíundað, en einnig hefur Gillian Lathey bent á að barnabókmenntir eigi það sameiginlegt að sjónræn vídd er mun fyrirferðarmeiri en í bókum ætluðum fullorðnum einstaklingum.<sup>98</sup> Þetta á einstaklega vel við í *The Witches*, en til að mynda lýsingar á líkómum nornanna eru til að mynda afar sjónrænar og stílbragðinu myndlíkingu beitt óhikað, eins og sjá má í eftirfarandi dæmi:

That face of hers was the most frightful and frightening thing I have ever seen. Just looking at it gave me the shakes all over. It was so crumpled and wizened, so shrunken and shrivelled it looked as though it had been pickled in vinegar. It was a fearsome and ghastly sight. There was something terribly wrong with it, something foul and putrid and decayed. It seemed quite literally to be rotting away at the edges, and in the middle of the face, around the mouth and cheek, I could see the skin all cankered and worm-eaten, as though maggots were working away in there.<sup>99</sup>

Þetta andlit var eitthvað það ógurlegasta og hræðilegasta fyrirbæri sem ég hafði nokkru sinni augum litið. Ég skalf við það eitt að horfa á það. Það var svo samankrumpað og skorpið, svo samfallið og hrukkótt að það leit út fyrir að hafa verið súrsað í ediklegi. Þetta var ógnvænleg og hrikaleg sjón. Það var eitthvað svo hræðilega rangt við þetta allt, eins og andlitið væri úldið og rotið og myglað. Það virtist bókstaflega vera að rotna yst, en fyrir miðju, hjá nefinu og munninum, sást að húðin var öll í litlum bólum og ormétin, eins og maðkar væru á iði rétt undir yfirborðinu.<sup>100</sup>

Hér er lýsing á nornunum afar nákvæm og vægast sagt hryllileg, en hryllingurinn gegnir ákveðnu hlutverki, hann er hluti af ánægjunni. Viðtakendurnir, þ.e. lesendurnir ungu, vilja láta hræða sig og skemmta sér, samkvæmt orðum Dahls sem enduróma orð Aristótelesar sem hélt því fram að markmið skáldskapar væri að vekja ánægju og nautn eða *hedone*.<sup>101</sup> Alltaf er það þó innan öruggrar veraldar bókarheimsins, þar sem ævintýrið og ímyndunaraflíð fara á flug. Þegar horft er til skopos þýðingarinnar, en hann er að veita ungum lesendum hér á landi aðgang að þessum texta, gefur auga leið að lýsingin þarf að vera beinskeytt og frumtextinn og ekkert má draga undan.

Í ofangreindu textabroti notar Dahl stílbragð karnivalsins og gróteskuna til að óhugnaðurinn verði skemmtun, en hrelli ekki lesandann. Form og tákni karnivalsins og

<sup>98</sup> Lathey, *The Translation of Children's Literature*, 11.

<sup>99</sup> Dahl, *The Witches*, 60.

<sup>100</sup> Dahl, *Nornirnar* (handrit), 32.

<sup>101</sup> „Aristóteles er einmitt einn fyrsti kunnir forsvari þess sjónarmiðs, að markmið skáldskapar sé að vekja ánægju og naut (*hedone*).“ Inngangur Kristjáns Árnasonar að riti Aristótelesar *Um skáldskaparlistina*, 20.

gróteskunnar eru áberandi í textanum. Undir gerfi nornarinnar er óhugnanlegur líkaminn. Hrikalegt útlit nornanna ásamt fatnaði þeirra, hárkollum og grímum er nákvæmlega eins og grímubúningur. Við bætist að nornin lýsir á yfirvegaðan hátt áætlun sinni um að útrýma börnum, fyrst með því að láta þau ummyndast í mýs og góma þau síðan í músagildirur, sem er svo fáránlegt að áætlunin er fyndin og skemmtir lesandanum, auk þess að byggja upp spennu. Eitt af grundvallareinkennum karnival-hefðar miðalda er valdið til að ummynda. Nornirnar ummyndast þegar þær fara úr grímubúningi sínum og ætlun þeirra er að láta börn ummyndast í mýs. Önnur bein vísun í karnivalískar bómenntir er Brúnó, drengurinn sem gerði ekkert annað en að borða, en sífellt át og stór magi eru mjög táknræn fyrir karnivalískar bókmenntir.<sup>102</sup>

Það stílbragð sem einna helst einkennir þuluna er hrynjandi orðanna, en taktföst og hljómrík orðin vekja upp áhrifamikla mynd af grimmilegri áætlun nornarinnar í huga lesandans. Hér er dæmi um stílbragð sem nefnist *hypotyposis*, sem samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu er sagt vera stílbragð, notað til að framkalla myndræna upplifun hjá lesanda. Skilgreining rithöfundarins Umberto Eco (1932-2016) gengur meira út að skilgreina hvernig ná eigi stílbragðinu fram, ekki einungis að útskýra áhrif þess.<sup>103</sup> Samkvæmt Eco er *hypotyposis* notað til að kalla fram í huga lesandans mynd í rými. Einkanlega er sú tækni notuð þegar um er að ræða atvik sem hrannast upp. Til að mynda þarf atvikið að vera óvenjulegt og óeðlilegt og aðalatriðið er hrynjandi orðanna. Eco tekur sem dæmi stílbragðið *hypotyposis* sem Rabelais beitti í *Gargantúa*.<sup>104</sup>

He crushed to a pulp the head of some, broke the arms and legs of other ones, dislocated the neck vertebrae of a third one, or he broke the loins, cut the nose, split the eyes, smashed the lower jaws, made them swallow their teeth, battered the omoplates, smashed the legs, separated the limbs from the body [and so on for more than one page, finishing with] ... Some died without speaking, others spoke without dying; some died while speaking, others spoke while dying...<sup>105</sup>

---

<sup>102</sup> Bakhtin, *Problems of Dostoevsky's Poetics*, 88. Bakhtin talar um karnivalískar bókmenntir (e. *carnivalized literature*) þegar rætt er um verk sem eru undir áhrifum frá karnivalískum þjóðsögum.

<sup>103</sup> Eco, *Mouse or a rat*, 104.

<sup>104</sup> Helstu rit François Rabelais (1494-1553) eru *Gargantúi og Pantagrúll*. Þar er á ferð ritröð sem telur fimm verk, útgefin á árunum 1531-1552. Sjá formála að „Úr Gargantúa og Pantagrúl“ í *Sýnisbók heimsbókmennta*, 491. Erlingur E. Halldórsson þýddi.

<sup>105</sup> Eco, *Mouse or a rat*, 105.

Þula nornarinnar er fullkomlega tilfinningalaus upptalning á örlagaríkum atvikum sem hrannast upp, hræðilegum ummyndunum og að lokum dauða. Atvikin eru talin upp hvert á fætur öðru og eru bæði óvenjuleg og óeðlileg. Þetta er fullkomlega sambærilegt við skilgreiningu Ecos á *hypotyposis* og hvernig Rabelais notar það stílbragð í *Gargantúa*.

## 5 Niðurlag

Skoposkenningin lítur á frumtexta sem tilboð um upplýsingar í marktecta, en það þýðir að allur texti getur verið aðgengilegur viðtökumeningu og þar með eru manngerð landamæri, og þeir múrar sem ólík tungumála varða, lögð að velli. Markmiðið með þýðingu á *The Witches* er að ungir lesendur hér á landi fái tækifæri til að lesa verkið í nýrri þýðingu, sem færi marktectann til þeirra. Hvatinn að þýðingunni var þetta upplýsingatilboð. Skoposinn varð að vera skilgreindur og marktectinn miðaður út frá viðtökumeningu. Þessar skilgreiningar og markmið verða því ófrávíkjanlega hluti af þýðingaráætluninni, en stefnumörkun sem þessi veitir þýðandanum verkfæri til að vinna þýðinguna á markvissan hátt og stuðlar einnig að gæðum. Skoposkenningin gefur þýðandandum um leið ákveðið frelsi og leyfi til að hagræða textanum miðað við viðtökumeninguna. Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt því það gerði mér kleift að færa úreld og gamaldags smáatriði inn í nútímann og inn í viðtökumeninguna. Skilgreining skoposkenningarinnar á þýðingu sem menningartilfærslu opnar þannig fyrir endurnýjun textans, svo nýjar kynslóðir fái einnig aðgengi að slíkum verkum og klassísk verk verða sá bókmenntalegi hlekkur sem bindur saman kynslóðir, einnig í ólíkum löndum þegar um þýðingar er að ræða.

Klassískar bókmenntir, hvort sem um er að ræða fyrir unga lesendur eða fullorðna, eru hluti af íslensku bókmenntakerfi. Þær nánast biðja um að þær séu aðgengilegar eða fáanlegar og að þýðingar þeirra séu reglulega endurnýjaðar. Ástæðan er ekki síst sú að heimsbókmenntir eru, eins og Goethe sagði, hluti af þjóðarbókmenntum annarra þjóða og þeim verður að halda lifandi með útgáfu þeirra og þýðingum. Aristoteles hélt því fram að við lærðum meðlíðan af því að lesa skáldskap; með því að setja okkur í spor söguhetjunnar gætum við betur öðlast skilning á aðstæðum annarra. Með þessu móti getum við þróað með okkur tilfinningu meðlíðunar, sem er gott nesti út í lífið, bæði fyrir einstaklinginn, samfélagið og heimssamfélagið. Klassískar barnabókmenntir ættu ávallt að vera aðgengilegar ungum lesendum og það út af fyrir sig ætti að vera næg hvatning til að þýða vel skrifaðar og skemmtilegar bækur fyrir unga lesendur hér á landi og annars staðar. Verk Roalds Dahls falla undir þá skilgreiningu, ásamt því að flest þeirra eru talin klassískar barnabækur. Þar að auki eru verk Roalds Dahls fyrir unga lesendur gjarnan valdeflandi fyrir þá. Því má segja að tilgangurinn með þýðingum,



endurbýðingum og útgáfu á verkum hans sé margvíslegur. Tungumálið er menningarvettvangur okkar og með vönduðum þýðingum á góðum barnabókum er styrkum stoðum rennt undir það, því lengi býr að fyrstu gerð.

Eins og hér kemur fram er textinn margbrotinn og segja má að því sé leit mín að aðlögun hans að íslensku máli endursköpun og endurritun. Við þýðingu á *The Witches* hafa ítrekað leitað í huga minn orð Ástráðs Eysteinsonar, sem finna má í bók hans *Orðaskil*. Lokagrein bókarinnar nefnir hann „Heimur þýðinga“ en þar fjallar hann um hvernig hann á tilviljunarkenndan hátt valdi ljóðabók eina úr bókahillu sinni, sem geymdi þýdd verk, opnaði og þar blasti við honum ljóðið „Nú bý ég“, eftir norska ljóðskáldið Jan Erik Vold, í þýðingu Hannesar Sigfússonar.<sup>106107</sup> Ástráður veltir fyrir sér hvenær og þá hvernig þýddur texti geti talist „búa“ í nýju tungumáli, á nýju menningarsvæði, hvenær þýddur texti er kominn „heim“? Ef til vill má segja að þýddur texti sé kominn „heim“ ef hann gefur lesanda markmálsins sambærilega lestraránægju og lesanda frummálsins, en að mörgu þarf að hyggja til að svo mega verða. Því er við að bæta að án þeirra verkfæra sem skoposkenningin færir þýðandanum yrði ferðalag textans til nýrra heimkynna ekki jafn markvísst og dvöl hans í nýjum heimkynnum líklega ekki eins ánægjuleg fyrir viðtakandann, svo fremi að þýðandanum hafi takist vel upp.

---

<sup>106</sup> Ástráður Eysteinson, *Orðaskil*, „Heimur þýðinga“, 325.

<sup>107</sup> Vold, *Norræn ljóð 1939-1969*, bls.89. Hannesar Sigfússonar valdi ljóðin og þýddi.

## Heimildaskrá

- Aristóteles. *Um skáldskaparlistina*, þýð. Kristján Árnason. Með inngangi eftir þýðanda. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997.
- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996.
- . *Orðaskil. Í heimi þýðinga*, ritstj. Garðar Baldvinsson. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2017.
- Ástráður Eysteinnsson og Daniel Weissbort. *Translation – Theory and Practice: A Historical Reader*. Oxford: Oxford University Press, 2006.
- Bakhtin, Mikhail. *Problems of Dostoevsky's Poetics*, þýtt af R.W. Rotsel. Ann Arbor: Ardis, 1973.
- Bassnett, Susan. *Translation Studies*. Oxon: Routledge, 1980.
- . Translation. Oxon: Routledge, 2014
- Chesterman, Andrew. „Skopos theory: a retrospective assessment.“ Í *Perspektiven auf Kommunikation. Festschrift für Liisa Tittula zum 60. Geburtstag*, ritstj. Werner Kallmeyer og fleiri, 209-225. Berlin: SAXA Verlag, 2010. Sótt 29.1.2018. <http://www.helsinki.fi/~chesterm/2010a.skopos.html>.
- Derrida, Jacques. „Um turna Babel.“ Í *Ritinu* (sérrit: *Menningarheimar*), ritstj. Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson, þýð. Jóna Dóra Óskarsdóttir, (*Ritið* 3/2004), 77-113. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2004.
- Desmet, Mieke K.T. „Intertextuality/Intervisuality in Translation: The Jolly Postman's Intercultural Journey from Britain to the Netherlands.“ Í *The Translation of Children's Literature: A Reader*, ritstj. Gillian Lathey, 122-133. Clevedon: Marston Book Services, 2006.
- Du, Xiayuan. „Theory and Practice in Language Studies.“ Vol. 2, nr. 10, 2189-2193, 2012. Sótt 03.03.2018.

<https://pdfs.semanticscholar.org/2088/daee95dc608e32fd36094c705b0c16ec8fc3.pdf>

Eckermann, Johann P. Í *Translation – Theory and Practice: A Historical Reader*, ritstj. Daniel Weissbort og Ástráður Eysteinnsson, 203-204. Oxford: Oxford University Press, 2006.

Eco, Umberto. *Mouse or a Rat? Translation as negotiation* [2003]. London: Phoenix, 2004.

Evrópusambandið, saga. Sótt af vefnum 10.02.2018. [https://europa.eu/european-union/about-eu/history\\_en](https://europa.eu/european-union/about-eu/history_en).

Gauti Kristmannsson. *Literary Diplomacy I. The Role of Translation in the Construction of National Literatures in Britain and Germany 1750-1830*. Frankfurt am Main: Peter Lang, 2001.

—, „Fræðimaður þýðinga.“ *Jón á Bægisá*, 14(2010): 125-127.

—. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

<http://hugvis.hi.is/sites/hugvis.hi.is/files/Heimsbókm%20og%20þýðingar%202012.pdf>.

Gottskálk Jenson og Hjalti Snær Ægisson, ritstj. *Sýnisbók heimsbókmennta*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011.

Jakobson, Roman. „Um málvísindalegar hliðar þýðinga.“ Í *Ritinu*, sérrit: *Menningarheimar*[2006], ritstj. Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson, þýð. María Sæmundsdóttir, (*Ritið* 3/2004), 2. útg. 2010, 113-121. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.

Lathey, Gillian, ritstj. *The Translation of Children's Literature: A Reader*. Með inngangi eftir Gillian Lathey. Clevedon: Marston Book Services, 2006.

Lefereve, André. *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*, ritstj. Þröstur Helgason, þýð. María Vigdís Kristjánsdóttir. Með inngangi eftir Gauta Kristmannsson. Reykjavík: Þýðingasetur Háskóla Íslands, 2013.

Munday, Jeremy. *Introducing Translation Studies. Theories and Applications*. Oxon: Routledge, 2012.

- Nida, Eugene. *Towards a science of translating. With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating*. Leiden: Brill, 1964.
- Nord, Christiane. *Translating as a Purposeful Activity*. Manchester: St. Jerome Publishing, 1997.
- Pym, Anthony. *Exploring Translation Theories*. Oxon: Routledge, 2010.
- Reiss, Katharina. *Translation Criticism: The Potential and Limitations: Categories and Criteria for Translation Quality Assessment*. England: St. Jerome Publishing, 2000.
- „Type, Kind and Individuality of Text: Decision Making in Translation.“ Í *Poetics Today*, 2(4), 1981, 121–131. doi: 10.2307/1772491.
- Reiss, Katharina og Hans J. Vermeer. *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie* [1984] 2. útg. Tübingen: Max Niemeyer Verlag, 1991.
- Schäffner, Christina. „Skopos theory.“ Í *Routledge Encyclopedia of Translation Studies*, ritstj. Mona Baker og Gabriela Saldanha, bls. 235-238. London: Routledge, 1998.
- Schleiermacher, Friedrich. „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir“ [1816], þýð. Martin Ringmar. *Jón á Bægisá* 14/2010, bls. 5-29.
- Schleiermacher, Friedrich. „On the Different Methods of Translating“, í *Translation – Theory and Practice: A Historical Reader*, ritstj. af Daniel Weissbort og Ástráður Eysteinnsson, 205-209. Oxford: Oxford University Press, 2006.
- Smith, Tim N. „Dethroning Dante: Skopostheorie in Action.“  
[http://researcharchive.vuw.ac.nz/xmlui/bitstream/handle/10063/5465/thesis\\_access.pdf?sequence=7](http://researcharchive.vuw.ac.nz/xmlui/bitstream/handle/10063/5465/thesis_access.pdf?sequence=7)
- Sturrock, Donald. *Storyteller: The Authorized Biography of Roald Dahl*. New York: Simon & Schuster, 2010.
- Venuti, Lawrence, ritstj. *The Translation Studies Reader*. London: Routledge, 2000.
- . Úr „Translation as Cultural Politics: Regimes of Domestication in English“, í *Translation – Theory and Practice: A Historical Reader*, ritstj. Daniel Weissbort og Ástráður Eysteinnsson, 546-557. Oxford: Oxford University Press, 2006.

- Vermeer, Hans J. „Ein Rahmen für eine allgemeine Translationstheorie,“ *Lebende Sprachen*, 23:3, 1978, 99-102.
- . „Skopos and Commission in Translational Action,“ [1989] 2. útg. Í *The Translation Studies Reader*, ritstýrt af Lawrence Venuti, þýð. Andrew Chesterman, bls. 227-38. London: Routledge, 2006.
- Vinay, Jean-Paul og Jacques Darbelnet. *Úr Stylistique comparée du français et de l'anglais* [1958], þýð. Áslaug Anna Þorvaldsdóttir. *Jón á Bægisá* [1994], 14/2010, bls. 59-78.
- Vold, Jan Erik. *Norræn ljóð 1939-1969*, þýð. Hannes Sigfússon. Þýðandi valdi ljóðin. Reykjavík: Heimskringla, 1972.
- Weissbort, Daniel og Ástráður Eysteinnsson. *Translation – Theory and Practice: A Historical Reader*. Oxford: Oxford University Press, 2006.

